

Hreppsnefnd Rangárþings ytra

Fundargerð

52. fundur hreppsnefndar Rangárþings ytra, haldinn að Suðurlandsvegi 1, Hellu, fimmtudaginn 14. janúar 2010, kl. 16:00.

Mætt voru: Þorgils Torfi Jónsson, Sigurbjartur Pálsson, Helga Fjóla Guðnadóttir, Gísli Stefánsson, Ólafur E. Júlíusson, Guðfinna Þorvaldsdóttir og Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir. Að auki sat fundinn Örn Þórðarson sveitarstjóri sem ritaði fundargerð. Ingvar Pétur Guðbjörnsson boðaði forföll.

Við bætist mál nr. 3.4. Samþykkt samhljóða.

1. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórnna til staðfestingar eða kynningar:

- 1.1. Fjárhagsáætlanagerð vinnuhópur, 3. fundur 6. janúar 2010.
Til kynningar
- 1.2. Fjárhagsáætlanagerð vinnuhópur, 4. fundur 9. janúar 2010.
Til kynningar.
- 1.3. Fjárhagsáætlanagerð vinnuhópur, 5. fundur 11. janúar 2010.
Til kynningar.
- 1.4. Byggingarnefnd, 30. fundur, 6. janúar 2010.
Fundargerðin er staðfest hvað varðar liði er snúa að Rangárþing ytra.
Samþykkt samhljóða.
- 1.5. Byggingarnefnd, 29. fundur, 2. desember 2009, leiðrétt.
Fundargerðin er staðfest hvað varðar liði er snúa að Rangárþing ytra.
Samþykkt samhljóða.
- 1.6. Brunavarnir Rangárvallasýslu b.s., 21. fundur 18. desember 2009, með fjárhagsáætlun 2010.
Fundargerðin er staðfest.
Samþykkt samhljóða.
- 1.7. Félagsmálanefnd Rangárvalla- og V.Skaftafellsýslu, 25. fundur, 16. desember 2009.
Til kynningar.
- 1.8. Barnaverndarnefnd Rangárvalla- og V.Skaftafellssýslu, 40. fundur, 25. nóvember 2009.
Til kynningar.
- 1.9. Barnaverndarnefnd Rangárvalla- og V.Skaftafellssýslu, 41. fundur, 16. desember 2009.
Til kynningar.
- 1.10. Byggingar- og skipulagsfulltrúaembætti Rangárþings bs., fundur 16. desember 2009.
Til kynningar.
- 1.11. Framhaldsskólamál í Rangárvallasýslu, fundur með ráðherra, 7. janúar 2010.
Til kynningar.
- 1.12. Svæðisráð Vatnajökulsþjóðgarðs, fundur 11. janúar 2010.
Til kynningar.
- 1.13. Suðurlandsvegur 1-3, II áfangi, 6. verkfundur, 16. desember 2009.
Til kynningar.
- 1.14. Suðurlandsvegur 1-3, 22. verkfundur, 5. janúar 2010.
Til kynningar.
- 1.15. Suðurlandsvegur 1-3 ehf. fundur 15. desember 2009.
Til kynningar.
- 1.16. Suðurlandsvegur 1-3 ehf. fundur 29. desember 2009.
Til kynningar.
- 1.17. Samráðsfundur sorpsamlaga á suðvesturlandi, fundur 21. desember 2009.
Til kynningar.
- 1.18. Samband íslenskra sveitarfélaga, 770. fundur, 11. desember 2009.
Til kynningar.

2. Landskipti og sala á landi og landskikum, stofnun lögbýla og tengd erindi:

- 2.1. Engin erindi hafa borist.

3. Skipulagsmál og tengd erindi:

- 3.1. Fjallabaksleið nyrðri.
Til kynningar.
- 3.2. Lyngás.
Sveitarstjóra falið að kynna hlutaðeigandi íbúum hugmyndir Vegagerðarinnar varðandi breytta aðkomu að Lyngási norðan megin Suðurlandsvegar.
Samþykkt samhljóða.

- Þorgils Torfi Jónsson vikur af fundi vegna vanhæfis. Sigurbjartur Pálsson tók við fundarstjórn.
- 3.3. Suðurlandsvegur 2-4.
Afgreiðslu frestað til næsta fundar.
Samþykkt samhljóða.
Þorgils Torfi Jónsson tekur sæti að nýju og tók við fundarstjórn.
- 3.4. Seltún á Hellu.
Hreppsnefnd telur ekki ástæðu til að auglýsa að nýju, deiliskipulagstillögu fyrir Seltún á Hellu, enda hafi verið brugðist við ábendingu Skipulagsstofnunar um leiðréttingu gagna varðandi tillöguna.
Samþykkt samhljóða.
- 4. Umsóknir um skólavist og tengd erindi:**
- 4.1. Tónsmiðja Suðurlands.
Í ljósi þungra aðstæðna í rekstri sveitarfélagsins og stofnana þess, s.s. Tónlistarskóla Rangæinga og fyrirhugaðs niðurskurðar, er umsókn KÓ, kt. 161192-xxxx hafnað.
Samþykkt með sex atkvæðum gegn einu mótakvæði (GP).
Sveitarstjórn mun ekki styrkja sambærilegt tónlistarnám utan Tónlistarskóla Rangæinga á árinu 2010.
Samþykkt samhljóða.
- 4.2. Tónsmiðja Suðurlands.
Umsókn ÍKM, kt. 170491-xxxx er hafnað.
Samþykkt samhljóða.
- 5. Veitingaleyfi og tengd erindi:**
- 5.1. Hrauneyjar, Hálendismiðstöð.
Hreppsnefnd gerir ekki athugasemdir við útgáfu leyfis fyrir gististað í flokki V og veitingastaðar í flokki II að Hrauneyjum Hálendismiðstöð, enda liggja fyrir samþykki annarra umsagnaraðila.
Samþykkt samhljóða.
- 5.2. Hrauneyjar, hótél Hálend.
Hreppsnefnd gerir ekki athugasemdir við útgáfu leyfis fyrir gististað í flokki V og veitingastaðar í flokki II að Hótél Hálendi, Hrauneyjum, enda liggja fyrir samþykki annarra umsagnaraðila.
Samþykkt samhljóða.
- 5.3. Hótél Rangá.
Hreppsnefnd gerir ekki athugasemdir við útgáfu leyfis fyrir gististað í flokki V og veitingastaðar í flokki II að Hótél Rangá, enda liggja fyrir samþykki annarra umsagnaraðila.
Samþykkt samhljóða.
- 6. Umhverfisstofnun, um tímabundnar breytingar á starfssemi Sorpstöðvar Rangárvallasýslu.**
Til kynningar.
- 7. 20/20 Sóknaráætlun fyrir Ísland.**
Til kynningar.
- 8. Landsvirkjun, vegna ályktunar Þjórsársveita um Búðarhálsvirkjun.**
Sveitarstjóra falið að óska eftir fundi með forstjóra Landsvirkjunar, í samráði við verkefnisstjórn Þjórsársveita.
Samþykkt samhljóða.
- 9. Varnarlínumál sauðfjárveikivarna á Suðurlandi.**
Til kynningar.
- 10. Frestur á afgreiðslu fjárhagsáætlunar 2010.**
Til kynningar.
- 11. Sorpgámar af gámasvæðum, gjaldfelling flokka.**
Til kynningar.
- 12. Íbúðalánasjóður, vegna fasteignagjalda.**
Hreppsnefnd hafnar erindinu um afslátt fasteignagjalda og sorphirðugjalda vegna fasteigna Íbúðalánasjóðs, sem standa auðar á Hellu. Hreppsnefnd harmar það að umrætt húsnæði skuli standa autt og hvetur Íbúðalánasjóð til að leita leiða til að koma húsnæðinu í notkun hið fyrsta.
Samþykkt samhljóða.
- 13. Vatnsútflutningur.**
Til kynningar.
- 14. Hagi, breytinga á fristundalóð í íbúðarhúsalóð.**
Sveitarstjóra falið að kalla eftir álitu lögfræðisviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga varðandi umræddar breytingar á notkun umræddrar lóðar.
Samþykkt samhljóða.
- 15. Þjónustukort Rangárþings og Mýrdals.**
Hreppsnefnd telur ekki ástæðu til prentunar á þjónustukorti fyrir árið 2010, enda birgðir nægar hjá sveitarfélaginu. Áréttað er að engin áform eru um að hætta þátttöku í sameiginlegu þjónustukorti.
Samþykkt samhljóða.

16. Rafrænar launaseðlar.

Hreppsnefnd fellst á að teknir verði upp rafrænar launaseðlar fyrir sveitarfélagið og felur sveitarstjóra að láta kynna breytinguna fyrir starfsmönnum sveitarfélagsins.

Samþykkt samhljóða.

17. Þjónustuhópur aldraðra í Rangárvallasýslu, vegna gjaldskrárhækkana.

Hreppsnefnd þakkar erindið og tekur undir þau sjónarmið að gjaldtöku sé haldið í lágmarki svo eldri borgarar og öryrkjar geti dvalist sem lengst í heimahúsum, enda sé það til góðs fyrir alla í sýslunni.

Samþykkt samhljóða.

18. Viðbygging á hjúkrunar- og dvalarheimilið Lundi.

Hreppsnefnd tekur jákvætt í hugmyndir stjórnar hjúkrunar- og dvalarheimilisins Lundar varðandi viðbyggingu. Sveitarstjóra falið að veita jákvæða umsögn vegna umsóknar í framkvæmdasjóð aldraðra.

Samþykkt samhljóða.

19. Refaveiðar.

Til kynningar.

F. Fundarboð, ráðstefnur, námskeið, þjónusta og umsóknir um styrki:

F.1. Umferðarstofa, umferðaröryggisáætlun.

Hreppsnefnd fellst á erindið og felur sveitarstjóra og samgöngunefnd að kynna sér aðferðarfræði umferðaöryggisáætlana.

Samþykkt samhljóða.

F.2. Almannaávarnarámskeið, styrkumsókn.

Hreppsnefnd fagnar áhuga umsækjanda á menntun í tengslum við almannaávarnir og áréttar mikilvægi þess, en sér sér ekki fært að veita styrk til umsækjanda.

Samþykkt samhljóða.

F.3. Námsstefna Sambands íslenskra sveitafélaga.

Til kynningar.

F.4. Umhverfisstofa, Náttúrustofa Vesturlands.

Hreppsnefnd telur ekki aðstæður uppi til þátttöku í verkefnum, með umhverfisstofu sveitarfélagsins.

Samþykkt samhljóða.

F.5. Klúbburinn Geysir, styrkumsókn.

Hreppsnefnd sér sér ekki fært að verða við erindinu.

Samþykkt samhljóða.

G. Annað efni til kynningar:

1. Ásahreppur, umhverfis- og náttúruverndarnefnd.

2. Ásahreppur, stækkun friðlands í Þjórsárverum.

3. Félags- og tryggingarmálaráðuneytið, vegna fjárhagsaðstoðar sveitarfélaga.

4. Samgöngu- og sveitarstjórnaráðuneytið, jöfnunarsjóður vegna sérþarfa nemenda.

5. Mennta- og menningarmálaráðuneytið, vegna könnunar um lög um leik- og grunnskóla.

6. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, starfsleyfi mótuneytis grunnskólans á Hellu.

7. Fornleifavernd ríkisins, vegna Skarðs og Króktúns, vegna Stóru-Valla-heiði.

8. Fasteignaskrá Íslands, vegna vatnsgeymis í Kaldárholti.

9. Samband íslenskra sveitarfélaga, vegna uppbyggingar og reksturs fráveitna.

10. Ferðamálastofa, vegna samnings um styrk.

11. Lögmennti Árbæ s.l.f., vegna kröfu um greiðslu til sumarhúsfélags.

12. Samkeppniseftirlitið, vegna skipulags, lóðaúthlutana og samkeppni, og vegna opinberra útboða, samkeppni og hindrana.

13. Þinglýst skjöl frá sýslumanni á Hvolsvelli.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19.45.

Sigurbjörk Pálma
Heiðbjörg Pálma
Margrét Yr Sigurgeirsd.
Lárus
Andrius Pálsson

Alf
Guðbjörg

Hreppsnefnd Rangárþings ytra

Fundargerð

53. fundur hreppsnefndar Rangárþings ytra, haldinn að Suðurlandsvegi 1, Hellu, fimmtudaginn 21. janúar 2010, kl. 16:00.

Mætt voru: Þorgils Torfi Jónsson, Sigurbjartur Pálsson, Helga Fjöla Guðnadóttir, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Ólafur E. Júlíusson, Guðfinna Þorvaldsdóttir og Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir. Að auki sat fundinn Örn Þórðarson sveitarstjóri og Indriði Indriðason fjármálastjóri sem ritaði fundargerð. Þórhallur Svavarsson tók sæti á fundinum í samræmi við neðangreint.

Tillaga um að fella út liði er ekki varða afgreiðslu fjárhagsáætlunar, það er liður 2.

Þorgils Torfi Jónsson vikur af fundi vegna vanhæfis og Þórhallur Svavarsson tekur sæti hans. Ingvar P. Guðbjörnsson tekur við fundarstjórn.

Tillagan er felld með fjórum atkvæðum (SP), (IPG), (HFG) og (PS) gegn þremur (ÓEJ), (GP) (MÝS).

Tillaga um að við bætist mál *Gjaldskrá fyrir sorphirðu og meðhöndlun úrgangs í Rangárþingi ytra árið 2010, með greinargerð um áætlaðar tekjur og gjöld Rangárþings vegna sorphirðu og meðhöndlunar úrgangs árið 2010*, verði liður 3. Aðrir liðir taka breytingum í samræmi við það. Samþykkt samhljóða.

1. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórnna til staðfestingar eða kynningar:

1.1. Sorpstöð Rangárvallasýslu bs. 115. fundur, 15. janúar 2010, með fjárhagsáætlun og gjaldskrá.

Fundargerðin er staðfest.

Samþykkt með 5 atkvæðum tveir sitja hjá (GP) (MÝS).

2. Skipulagsmál og tengd erindi:

Þorgils Torfi Jónsson vikur af fundi vegna vanhæfis og Þórhallur Svavarsson tekur sæti hans. Ingvar P. Guðbjörnsson tekur við fundarstjórn.

2.1. Suðurlandsvegur 2-4.

Lögð fram tillaga um að sveitarstjóra verði falið að vinna að deiliskipulagi vegna lóðanna nr. 2,4,6 og 8 við Suðurlandsveg og leggja fyrir sveitarstjórn. Ekki er tekin efnisleg afstaða til umbeðinnar stækkunar á umræddum lóðum.

Samþykkt með fjórum atkvæðum gegn tveimur (GP) (MÝS) einn situr hjá (ÓEJ).

Þórkun frá B-lista vegna erindis varðandi Suðurlandsveg 2 - 8:

Þar sem umsækjandi hefur ekki nýtt núverandi byggingarrétt á sínum lóðum, teljum við enga ástæðu til frekari stækkunar lóðanna á þessu stigi. Um dýrmætt svæði er að ræða í miðbæ Hellu sem skilgreint er sem iðnaðarsvæði á aðalskipulagi. Vel mætti hugsa sér litlar iðnaðarlóðir á þessum reit.

Guðfinna Þorvaldsdóttir og Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir.

Þórhallur Svavarsson vikur af fundi og Þorgils Torfi Jónsson tekur sæti að nýju og tekur við fundarstjórn.

2.2. Rauðalækur, vegtenging.

Sveitarstjóra falið að kynna hlutaðeigandi hagsmunaaðilum hugmyndir Vegagerðarinnar varðandi breytta aðkomu að Rauðalæk frá Suðurlandsvegi.

Samþykkt samhljóða.

3. Gjaldskrá fyrir sorphirðu og meðhöndlun úrgangs, með greinargerð um áætlaðar tekjur og gjöld.

Tillaga að gjaldskrá er lögð fram og er sveitarstjóra falið að óska eftir staðfestingu Heilbrigðisnefndar Suðurlands og er afgreiðslu vísað til seinni umræðu.

Samþykkt samhljóða.

4. Fjárhagsáætlun 2010, síðari umræða.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir niðurstöðum fjárhagsáætlunar 2009.

Heildartekjur A og B hluta eru áætlaðar 901.916 þús. kr. og skiptast með eftirfarandi hætti:

Rekstrartekjur	Þús.kr.	Hlutfall tekna.
Útsvar.....	415.000	42,09%
Fasteignaskattur.....	142.000	14,38%
Jöfnunarsjóður.....	208.800	21,15%
Lóðarleiga.....	5.585	0,56%
Aðrar tekjur.....	215.489	21,83%

Rekstrargjöld	Þús.kr.
Heildargjöld án fjármagnsliða.....	855.675
Tekjuafgangur fyrir fjármagnslið er áætlaður.....	131.199
Niðurstaða fjármagnsliða er áætluð.....	114.259
Rekstrarniðurstaða A hluta er áætlaður.....	-3.532
Áætluð niðurstaða A og B hluta er.....	16.940

Efnahagur A og B hluta.	Þús.kr.
Fastafjármunir eru áætlaðir.....	1.767.517
Veltufjármunir eru áætlaðir.....	97.200
Eignir samtals eru áætlaðar.....	1.864.718
Eigið fé er áætlað.....	263.737
Lífeyrisskuldbindingar eru áætlaðar.....	23.403
Langtímaskuldir eru áætlaðar.....	1.145.809
Skammtímaskuldir eru áætlaðar.....	431.769
Eigið fé og skuldir samtals er áætlað	1.864.718

Handbært fé í árslok 1.420 þús.kr.

Fjárfestingar eru áætlaðar 96.026 þús. kr. á árinu 2010 og greinast sem hér segir: Suðurlandsvegur 1, frágangur lóðar, 14.000 þús. kr. Grunnskólinn Hellu, 2.500 þús. kr., Leikskólinn Heklukot, 1.500 þús. kr., Sundlaug Hellu, 2.000 þús. kr., Íþróttahús Hellu, 2.000 þús. kr. Íþróttahúsið Þykkvabæ 2.000 þús. kr. Suðurlandsvegur 1, 1.000 þús. kr. Gatnakerfi Hellu 60.000 þús. kr. Laugalandsskóli 630. þús. kr. Leikskólinn Laugalandi 340 þús. kr. Gatnakerfi Laugalandi 2.020 þús. kr. er gert ráð fyrir tekjum vegna gatnagerðargjalda að upphæð 10.000 þús. kr.

Í b-hluta eru framkvæmdir áætlaðar 15.000 þús. kr.

Fjárhagsáætlun samstæðu Rangárbings ytra 2010 borin undir atkvæði Samþykkt með fimm atkvæðum, tveir sitja hjá (GP) (MÝS).

Bókun vegna fjárhagsáætlunar fyrir árið 2010.

Við undirritaðar fögnum nýju vinnulagi við gerð fjárhagsáætlunar m.a. með samvinnu við stjórnendur stofnana og oddvita minnihlutans. Einnig fögnum við því að staða reksturs er áætluð að verði ljós jafnóðum.

Þrátt fyrir þetta höfum miklar áhyggjur af fjárhagsstöðu sveitarfélagsins. Við óttumst að sá niðurskurður sem fyrirhugaður er komi til með að skerða þjónustu við íbúa. Við teljum að betur hefði mátt fara með fjármuni sveitarfélagsins síðustu ár í þeim efnahagsþrengingum sem við búum við. Við viljum gera athugasemdir varðandi stjórn meirihlutans á rekstri- og fjárfestingum sveitarfélagsins:

- 1. Þar má nefna kostnaðarsama úttektir á fræðslustofnunum sveitarfélagsins.*
- 2. Kaup á úttekt við skólafestun sem hefur ekki verið klárað enn og úttekt Intellecta sem ekki hefur enn verið kynnt af verktaka.*
- 3. Teikningar sem kostað var til á síðasta ári við Grunnskólann á Hellu eru geymdar í skúffu á meðan annað hefur forgang.*
- 4. Stofnanir sveitarfélagsins hafa farið tugum milljóna framúr fjárhagsáætlun án þess að bjöllur hringi hjá yfirmönnum sveitarfélagsins.*
- 5. Framkvæmdir eru enn varðandi gatnagerð á Öldum og er það harmað að ekki skuli hafa tekist að semja um frest við verktakann.*
- 6. Við lýstum áhyggjum okkar í bókun í maí sl. varðandi fyrirhugaða tengibygingu sem mætti ekki verða til þess að skerða grunnþjónustu á vegum sveitarfélagsins.*
- 7. Fjármunir samkvæmt fjárhagsáætlun 2009 til tengibygingar voru áætlaðir 57mkr. en greiðsla sveitarfélagsins er nú þegar um 83.mkr.*
- 8. Varðandi tengibyginguna þá er engu til sparað og allt viðrist eiga að vera samkvæmt ákveðnum stöðlum og hugmyndum arkitekti/hönnuðar og ekki gefið færi á að nota hagkvæmara efni með sömu gæði og úllit.*
- 9. Að lokum óskum við eftir nýjustu upplýsingum fyrir næsta hreppsnefndarfund um sundurliðaðan áætlaðan heildarkostnað sveitarfélagsins við tengibyginguna með lóð. Einnig óskum við eftir að fá skriflega hvaða fastir samningar eru komnir varðandi leigu eða sölu á húsnæðinu sem varðar hlut sveitarfélagsins og hvort leitað hafi verið álits fagmanna um hvort sveitarfélagið hafi bolmagn til að taka þátt í þessum framkvæmdum.*

Guðfinna Þorvaldsdóttir og Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir.

Bókun fulltrúa D-lista vegna bókunar Guðfinnu Þorvaldsdóttur og Margrétar Ýrr Sigurgeirsdóttur, fulltrúa B-lista við afgreiðslu fjárhagsáætlunar Rangárbings ytra fyrir árið 2010, lögð fram á 53. fundi hreppsnefndar Rangárbings ytra, 21. janúar 2010.

Hjáskátlegt er að lesa upphaf bókunar Guðfinnu og Margrétar þar sem vinnulagi við gerð fjárhagsáætlunar er fagnað, en þau orð að engu höfð þegar kemur að afgreiðslu áætlunarinnar og ofanritaðir fulltrúar taka ekki afstöðu til áætlunarinnar og sitja hjá við afgreiðsluna.

Á haustmánuðum 2008 var tekið upp breytt vinnulag við gerð fjárhagsáætlunar þar sem báðir listar í sveitarstjórn skipuðu sinn fulltrúann hvor í undirbúningsvinnu við áætlunina og var sú tillaga lögð fram sameiginlega af oddvitum listanna. Skemmt er að minnast þegar fulltrúar B-lista véku frá þeirri samvinnu með því að hafna gerð faglegrar úttektar á fræðslustofnunum sveitarfélagsins, líkt samstæða var um í greinargerð með þeirri áætlun. Þrátt fyrir þetta var ákveðið að leita leiða um samvinnu við gerð fjárhagsáætlunar 2010. Hefur sú vinna miðað að því að leita allra leiða til hagræðingar, með það að markmiði að

skerða þjónustu sem allra minnst, raunar hefur verið reynt allan tímann að verja þjónustuna með öllum tiltækum ráðum. Hefur samstarfið í vinnuhópnum milli fulltrúa D-lista og B-lista gengið hnökralaust, verið faglegt og unnið af drengskap.

Vilja fulltrúar D-listans þakka gott samstarf við oddvita B-listans við gerð fjárhagsáætlunarinnar, svo og deildarstjórum og öðrum starfsmönnum sveitarfélagsins fyrir góðan skilning, samstöðu og samstarfsvilja við erfiðar aðstæður.

Um leið er sá djúpstæði kloffningur sem virðist vera innan B-listans harmaður. Það er mat fulltrúa D-listans að samstarfið við gerð áætlunarinnar hafi verið á heidarlegum grunni þar sem kappkostað var að fara vel ofan í saumana á öllum rekstri sveitarfélagsins með það að markmiði að tryggja góðan rekstur og verja grunnþjónustu við íbúa Rangárþings ytra. Bókun Guðfinnu og Margrétar við afgreiðslu áætlunarinnar er til marks um lítinn vilja til samstarfs um rekstur sveitarfélagsins og ábyrgð á honum, sem þó var lofað af fyrra bragði á haustdögum 2008 en nú hefur verið svikið.


Ótrúlegar ávirðingar í bókuninni eru ekki svaraverðar. Bókunin ber vott um takmarkaða þekkingu á málefnum sveitarfélagsins og aðstæðum í þjóðfélaginu. Vænta mætti að kjörnir fulltrúar hefðu öðlast meiri þekkingu á málefnum samfélagsins eftir störf þeirra í sveitarstjórn á kjörtímabilinu. Ekki er annað hægt en að líta á þessa nauðlendingu við samvinnu um fjárhagsstjórnun Rangárþings ytra sem svik af hálfu ofangreindra fulltrúa B-listans.

Þorgils Torfi Jónsson, Ingvar P. Guðbjörnsson, Sigurbjartur Pálsson og Helga Fjóra Guðnadóttir.

Sigurbjartur Pálsson vék af fundi.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 21:05.

Þorgils Torfi Jónsson
Ingvar P. Guðbjörnsson
Sigurbjartur Pálsson
Helga Fjóra Guðnadóttir
Margrét Yr Siguverð
Guðfinna Guðnadóttir



Hreppsnefnd Rangárþings ytra

Fundargerð

54. fundur hreppsnefndar Rangárþings ytra, haldinn að Suðurlandsvegi 1, Hellu, fimmtudaginn 11. febrúar 2010, kl. 13:00.

Mætt voru: Þorgils Torfi Jónsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Sigurbjartur Pálsson, Þórhallur Svavarsson, Guðfinna Þorvaldsdóttir, Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir og Sigfús Davíðsson. Að auki sat fundinn Örn Þórðarson sveitarstjóri sem ritaði fundargerð. Forföll boðuðu Helga Fjöla Guðnadóttir, Gísli Stefánsson, Ólafur E. Júlíusson og Þorbergur Albertsson.

1. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórnna til staðfestingar eða kynningar:

- 1.1. Hreppsráð, 47. fundur, 28. janúar 2010.
Fundargerðin er staðfest.
Samþykkt samhljóða.
- 1.2. Byggingarnefnd, 31. fundur, 3. febrúar 2010.
Fundargerðin er staðfest hvað varðar liði er snúa að Rangárþingi ytra.
Samþykkt samhljóða.
- 1.3. Íþróttta- og æskulýðsnefnd, 32. fundur, 27. janúar 2010.
Varðandi 4. lið fundargerðar lýsir hreppsnefnd þeirri skoðun sinni að forræði vegna aldurstakmarkana á samkomum í húsnæði sveitarfélagsins sé í höndum löggjafavaldsins, en gerir þá kröfu til samkomuhaldara að þeir skoði málið með ábyrgum hætti hverju sinni. Að öðru leyti er fundargerðin staðfest.
Samþykkt samhljóða.
- 1.4. Fræðslunefnd, 26. fundur, 10. febrúar 2010.
Fundargerðin er staðfest.
Samþykkt samhljóða.
- 1.5. Skipulagsnefnd, 24. fundur, 9. febrúar 2010.
Fundargerðin er staðfest hvað varðar liði er snúa að Rangárþingi ytra.
Samþykkt samhljóða.
- 1.6. Fjallskilanefnd Rangárvallaafreittar, fundur 3. febrúar 2010.
Sveitarstjórn staðfestir að framlag vegna smölnunar á fjárlausum afrétti fyrir árið 2009, skuli vera með óbreyttum hætti og árið 2008, að öðru leyti er fundargerðin staðfest og sveitarstjóra falið að vinna að áframhaldandi beit á Geldingarlækjarheiði og kanna framlög til áburðakaupa.
Samþykkt samhljóða.
- 1.7. Sorpstöð Rangárvallasýslu bs., 116. fundur, 2. febrúar 2010.
Til kynningar.
- 1.8. Sorpstöð Rangárvallasýslu bs., 117. fundur 8. febrúar 2010.
Til kynningar.
- 1.9. Tónlistarskóli Rangæinga, 124. fundur, 14. janúar 2010.
Til kynningar.
- 1.10. Sorpstöð Suðurlands, 185. fundur, 25. janúar 2010.
Til kynningar.
- 1.11. Samráðsnefnd sorpsamlaga á suðvesturlandi, fundur 1. febrúar 2010.
Til kynningar.
- 1.12. Samband íslenskra sveitarfélaga, 771. fundur, 29. janúar 2010.
Til kynningar.

2. Landskipti og sala á landi og landskikum, stofnun lögbýla og tengd erindi:

- 2.1. Ás - Svínagalækur, samruni.
Hreppsnefnd gerir ekki athugasemdir við samruna lóðanna As4c (lnr. 218370, 2,4 ha.) og As4d (lnr. 218371, 1,5 ha.) við Svínagalæk, landnúmer 196012, sem verður þá 19.1 ha. Engin afstaða er tekin til eignarhalds eða landamerkja.
Samþykkt samhljóða.

3. Skipulagsmál og tengd erindi:

- 3.1. Stóru Vellir, deiliskipulag, athugasemd Skipulagsstofnunar.
Sveitarstjóra falið að láta kalla eftir umbeðinni umsögn Umhverfisstofnunar.
Samþykkt samhljóða.
- 3.2. Svínagi, breyting á deiliskipulagi, athugasemd Skipulagsstofnunar.
Sveitarstjóra falið að láta bregðast við athugasemdum stofnunarinnar.
Samþykkt samhljóða.

- 3.3. Skarð/Króktún, deiliskipulag, athugasemd Skipulagsstofnunar.
Sveitarstjóra falið að láta bregðast við athugasemdum stofnunarinnar.
Samþykkt samhljóða.
- 3.4. Lyngás, lóð fyrir íbúðarhús.
Hreppsnefnd vísar erindinu til skipulagsnefndar.
Samþykkt samhljóða.
- 3.5. Efri Botnar, Emstrur.
Hreppsnefnd gerir ekki athugasemdir við drög að deiliskipulagi skálasvæðis við Efri-Botna í Emstrum,
Rangárþingi eystra.
Samþykkt samhljóða.
4. **Lóðir Gaddstöðum, dómsniðurstaða Héraðsdóms Suðurlands.**
Sveitarstjóra falið að kalla eftir álitum hæstaréttarlögmanns varðandi áfrýjun málsins og leggja fyrir næsta fund sveitarstjórnar.
Samþykkt samhljóða.
5. **Umhverfisráðuneytið, um tímabundnar breytingar á starfssemi Sorpstöðvar Rangárvallasýslu.**
Hreppsnefnd harmar höfnun umhverfisráðuneytis á ósk um tímabundna breytta starfssemi Sorpstöðvar Rangárvallasýslu á urðunarstaðnum Strönd, í ljósi þess umhverfislega ávinnings sem af verkefninu var ætlast.
Til kynningar.
6. **Gjaldskrá sorphirðugjalda, seinni umræða.**
Framlögð gjaldskrá vegna sorphirðu lögð fram til staðfestingar. Einnig umsögn Heilbrigðiseftirlits Suðurlands sem er án athugasemda og jákvæð.
Samþykkt með fjórum atkvæðum, þrjú sitja hjá (GP, MÝS, SD).
7. **Fjárhagsáætlun 2010.**
Í fjárhagsáætlun fyrir 2010 sem staðfest var á fundi 21. janúar sl., voru ákveðnir annmarkar á framsetningu er varða söluhagnað af íbúðum sem seldar yrðu á milli sjóða innan samstæðunnar. Lögð fram fjárhagsáætlun þar sem búið er að lagfæra þetta atriði og áhrif þessara viðskipta færð út úr samstæðunni. Lagfærð fjárhagsáætlun lögð fram til staðfestingar.
Samþykkt með fjórum atkvæðum, þrjú sitja hjá (GP, MÝS, SD).
8. **Markaðsstofa Suðurlands, þátttaka í rekstri.**
Hreppsnefnd fellt á erindið um þátttöku í verkefninu um Markaðsstofu Suðurlands fyrir árið 2010, að upphæð kr. 350 pr. íbúa. Kostnaður er áætlaður um 540 þúsund krónur og er vísað til endurskoðunar fjárhagsáætlunar.
Samþykkt með fjórum atkvæðum, þrjú sitja hjá (GP, MÝS, SD).
9. **Skólaakstur, beiðni um upplýsingar.**
Sveitarstjóra falið að svara erindinu.
Samþykkt samhljóða.
10. **Lánasjóður sveitarfélaga, heimild til birtingar upplýsinga.**
Hér með veitir sveitarstjórn, með vísan til 60. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, Lánasjóði sveitarfélaga heimild að miðla upplýsingum um lán sveitarfélagsins hjá lánasjóðnum opinberlega og til fjárfesta, þ.m.t. upplýsingar um nafn skuldara, tilgang láns, stöðu láns, lánstíma og önnur kjör. Upplýsingunum er miðlað í þeim tilgangi að fjárfestar hafi sem besta mynd af útlánasafni og starfssemi lánveitanda og mun miðlunin einkum eiga sér stað í gögnum frá lánveitanda s.s. í ársreikningum, árs hlutareikningum, fjárfestakynningum og afmælisritum.
Samþykkt samhljóða.
11. **Staðgreiðsluáætlun.**
Lagt fram yfirlit yfir inngreidda staðgreiðslu fyrir janúarmánuð 2010, sem sýnir að inngreiðslur eru í góðu samræmi við áætlanir.
Til kynningar.
12. **Launagreiðsluáætlun.**
Lagt fram yfirlit yfir greidd laun fyrir janúarmánuð 2010, sem sýnir að launagreiðslur eru í góðu samræmi við áætlanir.
Til kynningar.
13. **Sorphirðumál, tunnuvæðing og endurvinnsla.**
Sveitarstjóra falið að hefja grátunnuvæðingu í dreifbýli og blátunnuvæðingu á öllum heimilum í sveitarfélaginu.
Samþykkt samhljóða.

F. Fundarboð, ráðstefnur, námskeið, þjónusta og umsóknir um styrki:

- F.1. Samkór Rangæinga, æfingaraðstaða.
Hreppsnefnd fellst á erindið fyrir sitt leyti.
Samþykkt samhljóða.
- F.2. Þorrablót Holtamanna, Laugalandi.
Hreppsnefnd fellst á erindið fyrir sitt leyti.
Samþykkt samhljóða.
- F.3. Sumarbúðir CISV, húsnæðismál.
Hreppsnefnd sér sér ekki fært að verða við erindinu.
Samþykkt samhljóða.
- F.4. Tilfærsla málefna fatlaðra, vinnufundur.
Til kynningar.
- F.5. Sorpstöð Suðurlands, aukaáðalfundur.
Til kynningar.
- F.6. Fræðslunet Suðurlands, hátíðarfundur.
Til kynningar.
- F.7. Ungmennafélag Íslands, vegna Landsmóts.
Til kynningar.

G. Annað efni til kynningar:

1. Suðurland, eitt velferðarsvæði.
2. Lögheimilisskráning vegna þjóðaratkvæðagreiðslu.
3. Félagsmálaráðuneytið, leiðbeiningar um tekjustofna.
4. Samgöngu- og sveitarstjórnaráðuneytið, yfirlit yfir greiddar húsaleigubætur.
5. Lögmenn Árbæ s.lf., vegna kröfu um greiðslu til sumarhúsafélags.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:30.

Þorgerður Þorfi Þórunn
Andrúna Þórunn
Sigrún Dantrón
Sigrún Þórunn Þálar
Yrnhalla Svavars
Margrét Yr Sigrún
[Signature]
[Signature]

Hreppsnefnd Rangárþings ytra

Fundargerð

55. fundur hreppsnefndar Rangárþings ytra, haldinn að Suðurlandsvegi 1, Hellu, fimmtudaginn 11. mars 2010, kl. 13:00.

Mætt voru: Þorgils Torfi Jónsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Sigurbjartur Pálsson, Helga Fjöla Guðnadóttir, Guðfinna Þorvaldsdóttir, Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir, Sigfús Davíðsson og Gísli Stefánsson. Að auki Örn Þórðarson sveitarstjóri sem ritaði fundargerð og Indriði Indriðason. Forföll boðaði Ólafur Elvar Júlíusson.

1. Skipulagsmál og tengd erindi:

1.1. Aðalskipulag Rangárþings ytra 2010 - 2022.

Lögð fram tillaga sveitarstjórnar að aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010 – 2022. Fyrir liggur heimild Skipulagsstofnunar til auglýsingar sbr. bréf Skipulagsstofnunar dags. 27. janúar 2010.

Gerðar hafa verið lagfæringar á skipulagstillögunni samkvæmt ábendingum Skipulagsstofnunar og annarra umsagnaraðila. Samþykkt að auglýsa tillöguna í samræmi við lög sem um það gilda.

Samþykkt samhljóða.

1.2. Kynning skipulagstillagna og staðfesting fundargerða, ábendingar Skipulagsstofnunar.

Til kynningar.

Þorgils Torfi Jónsson vék af fundi vegna vanhæfis, Gísli Stefánsson tók sæti hans. Ingvar Pétur Guðbjörnsson tók við fundarstjórn.

1.3. Skipulagsnefnd, 26. fundur, til umræðu, afgreiðslu og staðfestingar.

Sveitarstjórn staðfestir þá liði er snúa að Rangárþingi ytra og eru:

121 2010 Reynifell, breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar. Skipulagsnefnd hafnar framkominni tillögu. Ekki er talin ástæða til að víkja frá upprunalegum skilmálum deiliskipulagsins er varða stærðir lóða.

Samþykkt samhljóða.

132 2010 Suðurlandsvegur 2-8, Hellu. Deiliskipulag iðnaðar-, athafna-, og þjónustulóða við Suðurlandsveg og við Rangárþingibakka 7 og 9 á Hellu. Skipulagsnefnd samþykkti deiliskipulagstillöguna og mælist til að hún verði auglýst, samkvæmt lögum.

Samþykkt með fjórum atkvæðum (IPG, SP, HFG, GS) með þremur mótatkvæðum (GP, MÝS, SD).

Fulltrúar B-lista vísa í fyrri bókun sína um málið.

Samþykkt að staðfesta fundargerðina að öðru leyti hvað varðar liði er snúa að Rangárþingi ytra með sex atkvæðum, einn situr hjá (MÝS).

Þorgils Torfi Jónsson tók sæti að nýju og tók við fundarstjórn. Sigurbjartur Pálsson vék af fundi og tók Gísli Stefánsson við sæti hans.

1.4. Skipulagsnefnd, 25. fundur, til umræðu, afgreiðslu og staðfestingar.

Sveitarstjórn staðfestir þá liði í fundargerð er snúa að Rangárþingi ytra og eru:

128 2010 Hrafninnuskur, deiliskipulag skálasvæðis með matslýsingu. Skipulagsnefnd samþykkti matslýsingu skálasvæðis í Hrafninnuskuri, og mælist til að hún verði send til Skipulagsstofnunar til umsagnar.

129 2010 Deiliskipulag Hótel Rangá. Skipulagsnefnd samþykkti deiliskipulagstillöguna og mælist til að hún verði auglýst, samkvæmt lögum.

130 2010 Deiliskipulag við Árhús á Hellu. Skipulagsnefnd samþykkti deiliskipulagstillöguna og mælist til að hún verði auglýst, samkvæmt lögum.

131 2010 Deiliskipulag skálasvæðis við Hvangil með matslýsingu. Skipulagsnefnd samþykkti matslýsingu skálasvæðis í Hvangili, og mælist til að hún verði send til Skipulagsstofnunar til umsagnar.

Samþykkt að staðfesta fundargerðina hvað varðar liði er snúa að Rangárþingi ytra með fjórum atkvæðum. Þrjár sitja hjá (GP, MÝS; SD)

2. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórnna til staðfestingar eða kynningar:

2.1. Hreppsráð, 48. fundur, 25. febrúar 2010.

Fundargerðin er staðfest.

Samþykkt samhljóða.

2.2. Byggingarnefnd, 32. fundur, 3. mars 2010.

Fundargerðin er staðfest hvað varðar liði er snúa að Rangárþingi ytra og eru:

387-2010 Ketilsstaðir, byggingarleyfi fyrir frístundahúsi. Samþykkt.

388-2010 Bakkasel úr Efra-Seli, stöðuleyfi fyrir sumarhúsi. Samþykkt að veita stöðuleyfi til eins árs.

389-2010 Suðurlandsvegur 6, byggingarleyfi fyrir viðbyggingu. Samþykkt.

390-2010 Rangá, breyting á húsnæði og viðbygging. Samþykkt með fyrirvara um nánari gögn.

391 2010 Umsókn um byggingarleyfi fyrir íbúðarhús að Lyngási. Byggingarnefnd hafnar umsókninni, þar sem ekki liggur fyrir deiliskipulag af svæðinu.

Samþykkt samhljóða að staðfesta fundargerðina hvað varðar liði er snúa að Rangárþingi ytra.

2.3. Fræðslunefnd, 27. fundur, 18. febrúar 2010.

Til kynningar.

- 2.4. Skipulagsnefnd, 25. fundur, 1. mars 2010.
Staðfest.
- 2.5. Söguritun, fundur 4. mars 2010.
Til kynningar.
- 2.6. Öldur III, fundur 4. mars 2010.
Til kynningar.
- 2.7. Sorpstöð Rangárvallasýslu bs., 118. fundur 5. mars 2010.
Til kynningar.
- 2.8. Tónlistarskóli Rangæinga, 125. fundur, 17. febrúar 2010.
Til kynningar
- 2.9. Suðurlandsvegur 1-3, II áfangi, 10. verkfundur, 26. janúar 2010.
Til kynningar.
- 2.10. Suðurlandsvegur 1-3, II áfangi, 11. verkfundur, 9. febrúar 2010.
Til kynningar.
- 2.11. Suðurlandsvegur 1-3, II áfangi, 12. verkfundur, 22. febrúar 2010.
Til kynningar.
- 2.12. Samband íslenskra sveitarfélaga, 772. fundur, 26. febrúar 2010..
Til kynningar.
- 2.13. Skipulagsnefnd, 26. fundur, 10. mars 2010.
Staðfest.
- 3. Landskipti og sala á landi og landskikum, stofnun lögbýla og tengd erindi:**
- 3.1. Engin erindi bárust.
- 4. Umsóknir um skólavist og tengd erindi:**
- 4.1. Trúnaðarmál.
Fært í trúnaðarmálabók.
- 5. Umsóknir um veitingaleyfi og tengd erindi:**
- 5.1. Arnarsandur 3.
Hreppsnefnd samþykkir að umsókn um leyfi fyrir gististað í flokki I, heimagistingu að Arnarsandi 3 á Hellu, verði grenndarkynnt. Sveitarstjóra falið að kalla eftir umsögnum lögbundinna umsagnaraðila. Afgreiðslu frestað.
Samþykkt samhljóða.
- 6. Lóðir Gaddstöðum, dómsniðurstæða Héraðsdóms Suðurlands.**
Með vísan í 4. lið 54. fundar hreppsnefndar liggur fyrir álit Karls Axelssonar hæstaréttarlögmanns varðandi áfrýjun málsins. Hreppsnefnd telur ekki ástæður til áfrýjunar dómsniðurstöðu Héraðsdóms Suðurlands og afsalar sér málskotsrétti með vísan í 151. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Fallist er á dómsniðurstöðu héraðsdóms þar sem segir:
- „Viðurkennt er að stefnandi, Eggert Gunnarsson, hafi öðlast eignarrétt að lóðunum nr. 4 og 5 úr landi Gaddstaða í Rangárþingi ytra með fastanúmerum 219-5825 og 219-5823, með tveimur kaupsamningum og afsöllum útgefnum til stefnda, Rangárþings ytra, af stefnanda dagsett 4. september 2008. Þá ber stefnda að gefa út og undirrita afsöl fyrir báðum lóðunum með venjulegum ákvæðum þar á meðal um að stefnandi taki yfir kvaðir og skuldbindingar sem á lóðunum eru, þar á meðal lóðarleigusamningum með skjalnúmerum 431-A-000050/1986 og 431-A-000141/1999 á lóðinni nr. 219-5823 og með skjalnúmerum 431-A-000050/1986 og 431-A-000148/1999 á lóðinni nr. 219-5825, sem verða áfram áhvílandi á himu selda. Þá er yfirtekin af stefnanda áhvílandi veðskuld við Sparisjóð Keflavíkur upphaflega 2.100.000 krónur, vísitala 3343,0 útgefið 22. mars 1994 tryggingarbréf skjal nr. 431-A-000292/1994. Tvö afsöl sem stefndi gaf út vegna Gaddstaða, lóða nr. 4 og 5 (sama og fastanúmer 219-5825 og 219-5823) til stefnanda 4. september 2008, falla úr gildi. Sveitarstjóra falið að gefa út og undirrita skjöl sem um er rætt í dómsniðurstöðu. Samþykkt með þremur atkvæðum (ÞTJ, HFG, GS), fjórir sitja hjá (IPG, GÞ, MÝS, SD). Bókun vegna afgreiðslu á lið 6 á 55. fundi hreppsnefndar Rangárþings ytra, 11. mars 2010: Undirritaður samþykkti í sveitarstjórn að núverandi lóðaleiguhöfum yrðu boðnar lóðir úr landi Gaddstaða til kaups. Dómurinn gengur út á að einn af þremur lóðarleiguhöfum fái leiguland allra þriggja til kaups gegn vilja hinna tveggja. Undirritaður hefur ekki breytt afstöðu sinni og getur því ekki samþykkt að umræddur aðili fái keypt allt leigulandið með þessum hætti. Slik afgreiðsla samræmist ekki samþykktum sveitarstjórnar og því sit ég hjá í þessari afgreiðslu málsins og undrast dóm Héraðsdóms Suðurlands.*
- Ingvar P. Guðbjörnsson*
- 7. Lóðir Gaddstöðum, málefni lóða nr. 4 og 5.**
Lagt fram erindi varðandi málefni lóða nr. 4 og 5 í landi Gaddstaða, dagsett 10. febrúar 2010. Með vísan í ákvörðun sveitarstjórnar í lið 6, sér sveitarstjórn sér ekki fært um að verða við tilmælum um áfrýjun

ofangreinds dóms til hæstaréttar. Sveitarstjóra falið að kynna hæstaréttarlögmanni efni bréfsins og kanna réttarstöðu sveitarfélagsins.

Samþykkt með fjórum atkvæðum, þrjú sitja hjá (GP, MÝS, SD).

Bókun B-lista:

Undirritaðir fulltrúar B-lista harna þá stöðu sem tveir leigjendur Gaddstaða lóða nr. 4 og 5 eru í nuna vegna sölu lóðanna á vegum sveitarfélagsins. En vegna mistaka að okkar álitni þá áttu umræddir lóðarleigjendur til margra ára ekki kost á að sitja við sama borð og aðrir til að kaupa umræddar lóðir, þegar sala þeirra var leyfð.

Guðfinna Þorvaldsdóttir, Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir og Sigfús Davíðsson.

8. Geldingalækur, landnotkun.

Hreppsnefnd fellst ekki á þau sjónarmið í bréfi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis að í gangi sé vinna á vegum sveitarfélagsins um friðun Rangárvallaafréttar. Sveitarstjóra falið að kynna fjallskiladeild Rangárvallaafréttar ákvörðun ráðuneytis um að fela Landgræðslu ríkisins umsjón jarðarinnar Geldingarlækjar og áform Landgræðslunnar um landnotkun.

Samþykkt samhljóða.

9. Sorphirðugjöld, beiðni um niðurfellingu.

Hreppsnefnd fellst ekki á erindið, um niðurfellingu sorphirðugjalda vegna Þrúðvangs 34 á Hellu.

Samþykkt samhljóða.

10. Héraðsvegir, viðhald og þjónusta.

Hreppsnefnd hafnar áformum Vegagerðarinnar um að fella af vegaskrá 0,8 km. af vegum í þéttbýli Þykkvabæjar. Sveitarstjóra falið að kynna Vegagerðinni sjónarmið sveitarfélagsins.

Samþykkt samhljóða.

11. Yfirfærsla málefna fatlaðra, minnisblað bæjarstjórnar Árborgar.

Til kynningar.

12. Fyrirkomulag matmálstíma í leikskólanum Heklukoti.

Til kynningar.

13. Innkaupareglur sveitarfélagsins.

Hreppsnefnd samþykkir framlögð drög að innkaupareglum sveitarfélagsins.

Samþykkt samhljóða.

14. Þriggja ára áætlun, fyrri umræða.

Sveitarstjóri kynnti áætlunina. Afgreiðslu vísað til síðari umræðu

Samþykkt samhljóða.

15. Staðgreiðsluáætlun, launagreiðsluáætlun, 2ja mánaða yfirlit.

Lögð fram yfirlit yfir staðgreiðslu, yfirlit yfir launagreiðslur og 2ja mánaða yfirlit yfir rekstur. Yfirlit eru í ágætu samræmi við áætlanir.

Til kynningar.

16. Gjaldskrá mótuneytis Grunnskólans á Hellu og leikskólans Heklukots.

Lögð fram tillaga að nýrri gjaldskrá fyrir mótuneyti Grunnskólans á Hellu og leikskólans Heklukots. Ný gjaldskrá tekur mið af gjaldskrá mótuneytis Laugalandsskóla. Sveitarstjórn leggur áherslu á að framleiðsla, gæði og framreiðsla í mótuneytum sé með sambærilegum hætti í báðum mótuneytum sveitarfélagsins.

Samþykkt samhljóða.

17. Auglýsing lóða við Dynskála 40 – 53.

Sveitarstjóri óskar eftir heimild til að auglýsa lóðir við Dynskála 40 – 53, lausar til umsóknar, þrátt fyrir að staðfest deiliskipulag liggja ekki fyrir, með fyrirvara um staðfestingu deiliskipulags.

Samþykkt samhljóða.

F. Fundarboð, ráðstefnur, námskeið, þjónusta og umsóknir um styrki:

F.1. Styrkir á móti álögðum fasteignaskatti; FBSH, Sóknarnefnd Oddasóknar, Golfklúbbur Hellu.

Hreppsnefnd fellst á að veita styrk á móti álögðum fasteignaskatti, fyrir Dynskála 34, Dynskála 8 og atvinnuhúsnæði Strönd, í samræmi við reglur sem um það gilda.

Samþykkt samhljóða.

F.2. Ísmót Suðurlands, styrkbeiðni.

Hreppsnefnd fellst á að veita styrk að upphæð kr. 15.000.

Samþykkt samhljóða.

F.3. Flóafár FSu, styrkbeiðni.

Hreppsnefnd fellst á að veita styrk að upphæð kr. 5.000.

Samþykkt samhljóða.

F.4. Útvarpsþáttur um atvinnuleysi, styrkbeiðni.

Hreppsnefnd sér ekki fært að verða við erindinu.


Samþykkt samhljóða.

- F.5. Sorpstöð Suðurlands, aukaáðalfundarboð.
Til kynningar.
- F.6. Rangárþing, orkuríkasta hérað landsins, málþing Rótarýklúbbs Rangæinga, styrkbeiðni.
Hreppsnefnd fellst á að veita styrk að upphæð kr. 25.000.
Samþykkt samhljóða.
- F.7. Dagur umhverfisins, viðburðir og viðurkenningar.
Til kynningar.
- F.8. Ungmennafélag Íslands, verkefnið „ganga.is“.
Til kynningar.
- F.9. Rammaáætlun um vernd og nýtingu náttúrusvæða, kynningarfundur.
Til kynningar.

G. Annað efni til kynningar:

- G.1. Samgöngu- og sveitarstjórnaráðuneytið, jöfnunarsjóður, áætlun um úthlutanir 2010.
- G.2. Ferðamálastofa 2010, úthlutun styrkja til úrbóta á ferðamannastöðum.
- G.3. Stefna vegna marka á landspildu úr jörðinni Haga.
- G.4. Breytt vegstæði yfir Þjórsá, staðfesting umhverfisráðherra.
- G.5. Hagabraut endurbygging.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:00.



 Þorgils Torfi Jónsson

 Þorvarr Þ. Þorðsson

 Gísli Stefánsson

 Selgatólfur Leómar

 Margrét Vör Sigurgeirsdóttir

 Snjóanna Þorvaldadóttir

 Sigrún Ólafsson

 [Signature]

Hreppsnefnd Rangárþings ytra

Fundargerð

56. fundur hreppsnefndar Rangárþings ytra, haldinn að Suðurlandsvegi 1, Hellu, fimmtudaginn 8. apríl 2010, kl. 13:00.

Mætt voru: Þorgils Torfi Jónsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Sigurbjartur Pálsson, Helga Fjóla Guðnadóttir, Ólafur Elvar Júlíusson, Guðfinna Þorvaldsdóttir og Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir, einnig Þórhallur Svavarsson. Að auki Örn Þórðarson sveitarstjóri sem ritaði fundargerð. Einnig sátu fundinn að hluta Haraldur Eiríksson, Jón Pétur Róbertsson auk fulltrúa í ungmennaráði.

Tillaga um að við bætist liður 2.3. Byggingarnefnd, 33. fundur. Samþykkt samhljóða.

A. Ungmennaráð, fundur með sveitarstjórn.

Fulltrúar í ungmennaráði; Narfi Þorbergsson, Reynir Óskarsson, Friða Hansen, Vala Rún Valtýsdóttir og Heimir Smári Heimisson. funduðu með sveitarstjórn. Lagðar fram greinargerðir fulltrúa.

Sveitarstjóra falið að vinna með ungmennaráði og íþrótta- og æskulýðsfulltrúa að þeim ábendingum sem fram komu frá ungmennaráði á fundinum. Sveitarstjórn leggur til að fundað verði með ungmennaráði tvisvar á ári, næst haustið 2010.

Samþykkt samhljóða.

1. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórnna til staðfestingar eða kynningar:

- 1.1. Hreppsráð, 49. fundur, 25. mars 2010.
Fundargerðin er staðfest.
Samþykkt samhljóða.
- 1.2. Öldur III, 20. verkfundur, 26. mars 2010.
Til kynningar.
- 1.3. Öldur III, fundur verkkaupa, 26. mars 2010.
Til kynningar.
- 1.4. Rangárvallaafreittur, fundur 24. mars 2010.
Til kynningar
Bókun sveitarstjórnar: Áréttað er að ekki stendur til að friða afrétti í sveitarfélaginu fyrir beit.
Samþykkt samhljóða.
- 1.5. Vegagerðin, samráðsfundur 23. mars 2010.
Til kynningar.
- 1.6. Íþrótta- og æskulýðsnefnd, 34. fundur, 24. mars 2010.
Fundargerðin er staðfest hvað varðar liði 2 og 3, aðrir liðir eru til kynningar.
Samþykkt samhljóða.
- 1.7. Barnaverndarnefnd Rangárvalla- og V.Skaftafellssýslu, 43. fundur 3. mars 2010.
Til kynningar.
- 1.8. Suðurlandsvegur 1-3, II áfangi, 15. verkfundur, 16. mars 2010.
Til kynningar
- 1.9. Suðurlandsvegur 1-3, II áfangi, 16. verkfundur, 24. mars 2010.
Til kynningar.
- 1.10. Holtamannaafreittur, samráðsnefnd, fundur 22. mars 2010.
Til kynningar.
- 1.11. Sorpstöð Suðurlands, aukaáðalfundur, 22. mars 2010.
Til kynningar.
- 1.12. Sorpstöð Suðurlands, 188. stjórnarfundur, 29. mars 2010.
Til kynningar.
- 1.13. SASS, 432. fundur, 26. mars 2010.
Til kynningar.
- 1.14. Vinnumarkaðsráð, fundur, 2. mars 2010.
Til kynningar.

2. Skipulags-, byggingarmál og tengd erindi:

- 2.1. Skipulagsnefnd, 27. fundur, 7. mars 2010, til umræðu, afgreiðslu og staðfestingar.
Sveitarstjórn staðfestir þá liði er snúa að Rangárþingi ytra og eru:
133 2010 Leirubakki, deiliskipulag fyrir ferðaþjónustu á Leirubakka Rangárþingi ytra. Skipulagsnefnd samþykkir framkomna deiliskipulagstillögu, og mælist til að tillagan verði auglýst, lögum samkvæmt.

134 2010 Jarlstaðir, Rangárþingi ytra, deiliskipulag íbúðarhúss, hesthúss og skemmu/geymslubyggingar.

Skipulagsnefnd frestar afgreiðslu og óskar eftir ítarlegri gögnum.

135 2010 Lyngás í Rangárþingi ytra, deiliskipulag íbúðarhúsaloða. Skipulagsnefnd samþykkir framkomna deiliskipulagstillögu, og mælist til að tillagan verði auglýst, lögum samkvæmt.

Farið yfir athugasemdir sem bárust vegna auglýsingar á eftirtöldum deiliskipulagstillögum:

Deiliskipulögin voru auglýst í Morgunblaðinu, Búakollu(auglýsingablað borið út á öll heimili í Rangárvallasýslu) og Lögbirtingarblaðinu (á netinu). Uppdrættir og önnur meðfylgjandi gögn lágu frammi á skrifstofu byggingar- og skipulagsfulltrúa Ormsvelli 1, Hvolsvelli, og einnig á heimasíðum sveitarfélaganna, frá 3. febrúar til og með 3. mars s.l. og var athugasemdafrestur til kl 16.00 miðvikudaginn 17. mars 2010. Samkvæmt 1. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr 73 1997 var auglýst eftir athugasemdum við eftirfarandi deiliskipulagstillögur:

Álftavatn, Rangárþingi ytra, deiliskipulag skálasvæðis og umhverfisskýrsla. Engar athugasemdir hafa borist og telst því tillagan samþykkt.

Farið yfir athugasemdir sem bárust vegna auglýsingar á eftirtöldum deiliskipulagstillögum og deiliskipulagsbreytingum:

Deiliskipulögin voru auglýst í Morgunblaðinu, Búakollu(auglýsingablað borið út á öll heimili í Rangárvallasýslu) og Lögbirtingarblaðinu (á netinu). Uppdrættir og önnur meðfylgjandi gögn lágu frammi á skrifstofu byggingar- og skipulagsfulltrúa Ormsvelli 1, Hvolsvelli, og einnig á heimasíðum sveitarfélaganna, frá 24. febrúar til og með 24. mars s.l. og var athugasemdafrestur til kl 16.00 miðvikudaginn 6. apríl 2010. Samkvæmt 1. mgr. 25.gr. og 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr 73 1997 var auglýst eftir athugasemdum við eftirfarandi deiliskipulagstillögur og deiliskipulagsbreytingar .

Kaldakinn, Rangárþingi ytra deiliskipulag fyrir vinnuhús, reiðskemmu og smáhýsi.

Lisbeth Sæmundsson og Sigurður Sæmundsson að Skeiðvöllum gera athugasemdir við deiliskipulagið í Köldukinn f.h. Skeiðvalla ehf. kt. 411106-0390, á þeim forsendum að þar sé risin deila um landamerki milli eigenda Skeiðvalla og Köldukinnar. Skipulagsnefnd tekur ekki undir athugasemdir Lisbeth og Sigurðar.

Skipulagsnefnd telur að umrædd landamerkjadeila hafi ekki áhrif á deiliskipulagstillöguna.

Deiliskipulagstillagan telst því samþykkt

Kvjarholt II, Rangárþingi ytra deiliskipulag frístundahúss og skemmu. Engar athugasemdir hafa borist og telst því tillagan samþykkt.

Landmannahellir, Rangárþingi ytra deiliskipulag skálasvæðis og umhverfisskýrsla. Engar athugasemdir hafa borist og telst því tillagan samþykkt.

Miðsel, Rangárþingi ytra deiliskipulag fyrir gestahús og hesthús/reiðskemmu. Guðbjartur Björnsson kt. 280539-3259, eigandi Efra-Sels gerir athugasemd við deiliskipulagið í Mið-Seli. Hann vill meina að vegur sé lagður í gegnum land hans og gerir athugasemd við að ekki skuli verið haft samráð við hann vegna málsins. Skipulagsnefnd frestar afgreiðslu málsins

Skammbæisstaðir 1 c Rangárþingi ytra, deiliskipulag íbúðarhúss og skemmu. Engar athugasemdir hafa borist og telst því tillagan samþykkt.

Múli, Rangárþingi ytra deiliskipulag frístundahúsaloða. Engar athugasemdir hafa borist og telst því tillagan samþykkt.

Litli-Klofi, Rangárþingi ytra, deiliskipulag frístundabyggðar. Engar athugasemdir hafa borist og telst því tillagan samþykkt.

Þjóðólfshagi, Rangárþingi ytra, breyting á gildandi deiliskipulagi frístundabyggðar. Fram er komin athugasemd frá Lögmonnum Árbæ SLF. f.h. Guðbjargar Egilsdóttur eiganda lóðar nr. 11 í deiliskipulagi. Guðbjörg telur sig ekki hafa fengið neina sérstaka tilkynningu um breytinguna, þó að það sé skylt skv. skipulagslögum, að hennar mati. Hún er ekki aðildarfélagi, að félagi um frístundabyggð í Þjóðólfshaga. Skipulagsnefnd frestar afgreiðslu málsins

Fundargerð skipulagsnefndar er samþykkt með sex atkvæðum, einn situr hjá (GP).

2.2. Stekkjarhóll/Heimaland, landnýting.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við framlagðar hugmyndir um landnýtingu að Stekkjarhóli, en bendir á að leggja þarf fram tillögu að breyttu deiliskipulagi áður en hugmyndir ná fram að ganga.

Samþykkt samhljóða.

2.3. Byggingarnefnd, 33. fundur, 7. apríl 2010.

Sveitarstjórn staðfestir þá liði er varða Rangárþing ytra og eru:

398-2010 Lambhagi, Rangárþingi ytra - klæðning á húsi. Samþykkt.

399-2010 Kaldakinn, Skeiðvellir, Rangárþingi ytra - byggingarleyfi fyrir íbúðarhúsi. Samþykkt, með fyrirvara um samþykkt deiliskipulag.

400-2010 Hagi, Rangárþingi ytra - byggingarleyfi fyrir gestahúsi. Samþykkt.

401-2010 Svínhagi, lóð H 15, Rangárþingi ytra - byggingarleyfi fyrir sumarhúsi/aðstöðuhúsi. Samþykkt.

402-2010 Ármót, Rangárþingi ytra - byggingarleyfi fyrir reiðskemmu. Samþykkt.

403-2010 Kaldakinn, Rangárþingi ytra - stöðuleyfi fyrir gestahúsum. Umsókn um stöðuleyfi er hafnað, umsækjanda er bent á að sækja um byggingarleyfi fyrir húsunum.

404-2010 Landmannalaugar - Nýdalur, Rangárþingi ytra - stöðuleyfi fyrir skálum. Samþykkt að veita stöðuleyfi til 7 mánaða.

405-2010 Gaddstaðir, Rangárþingi ytra - leyfi fyrir bráðabirgðapöllum. Samþykkt.

406-2010 Landmannalaugar, Rangárþingi ytra - stöðuleyfi fyrir gám. Samþykkt að veita stöðuleyfi til 7 mánaða.

407-2010 Svínhagi lóð SH 12, Rangárþingi ytra - byggingarleyfi fyrir aðstöðuhúsi. Samþykkt.

408-2010 Saurbær, Rangárþingi ytra - leyfi til að rífa fjóshlóðu og endurbyggja. Samþykkt.

409-2010 Dynskálar 50, Rangárþingi ytra - byggingarleyfi fyrir iðnaðarhúsi-reykhúsi. Samþykkt með fyrirvara um samþykkt deiliskipulag.

Fundargerð byggingarnefndar hvað varðar liði er snúa að Rangárþingi ytra, er samþykkt með sex atkvæðum, einn situr hjá (GP).

3. Umsóknir um skólavist og tengd erindi:

3.1. Söngskóli Reykjavíkur

Umsókn BG kt. 160886-xxxx er hafnað með vísan í að aldur umsækjandi er hærri en miðað hefur verið við varðandi kostnaðarþátttöku sveitarfélagsins í tónlistarnámi utan sveitarfélags.

Samþykkt með sex atkvæðum, einn situr hjá (GÞ).

4. Húsaleiga Laugalandi, með vísan í lið 1.1.

Sveitarstjórn sér sér ekki fært að verða við erindinu eins og það er lagt fyrir, en beinir þeim tilmælum til stjórnar Húsakynna bs. að kanna hvort skipta megi einhverjum umræddra fasteigna í hentugri stærðir og ná þannig niður húsaleigu.

Samþykkt samhljóða.

5. Mötuneyti Grunnskólans á Hellu, með vísan í lið 1.1.

Sveitarstjóra falið að vinna með skólastjórum grunnskólanna að því að samræma rekstur mötuneyta með hliðsjón af ákvörðunum sem teknar hafa verið í tengslum við málefni mötuneytanna.

Samþykkt samhljóða.

6. Lóðir Gaddstöðum, málefni lóða nr. 4 og 5.

Lagt fram til kynningar álit frá lögfræðingi varðandi réttarstöðu sveitarfélagsins, með vísan í 7. lið 55. fundar hreppsnefndar. Sveitarstjóra falið að skoða leigumál á óseldum leigulóðum í eigu sveitarfélagsins í Gaddstaðalandi.

Samþykkt samhljóða.

7. Viðhald girðinga.

Sveitarstjóra falið að kynna og auglýsa reglugerð um viðhald girðinga með vegum, í þeim tilgangi að auka öryggi vegfarenda.

Samþykkt samhljóða.

8. Málefni fatlaðra.

Sveitarstjórn frestar afgreiðslu erindisins uns kynning á tillögu um skipulag málefna fatlaðra á starfssvæði SASS hefur farið fram.

Samþykkt samhljóða.

9. Vikurnám í Merkihvolslandi.

Lagðir fram samningar um vikurnám í Merkihvolslandi. Sveitarstjóra falið að kanna vikurnám nánar í samráði við málsaðila.

Samþykkt samhljóða.

10. Öldur III, uppsögn verksamnings.

Lögð fram drög að samkomulagi við verktaka um að falla frá eftirstöðvum verksamnings um Öldur III.

Bókun B-lista vegna Öldur III, uppsögn verksamnings:

Til að halda því til haga þá sátu sveitarstjórnafulltrúar B-listans hjá við staðfestingu á verksamningi við Þjótanda frá 21. maí 2008 um verkefnið Öldur III. Meginástæðan var sú að í allt of mikið þótti ráðist af okkar hálfu í einum verksamningi.

Til að bjarga því sem bjargað verður varðandi uppsögn á verksamningi við Þjótanda frá 21. maí 2008 í Öldum III þá leggjum við eftirfarandi til og að í framhaldinu verði leitað samkomulags við Þjótanda varðandi skipti á verkum á móti eftirstöðvum fyrrgreinds verksamnings:

Þeir framkvæmdaliðir sem við B-lista fólk teljum vera brýna á næstu misserum í skiptum fyrir umræddan samning sé það fullreynt í ljósi efnahagskreppu að sveitarfélagið hafi engan rétt til endurskoðunar á þessum verksamningi við Þjótanda:

Fráveituframkvæmdir - Ráðist verði í fráveituframkvæmdir frá Öldum III og nýju iðnaðarhverfi við Dynskála suður fyrir Þjóðveg og hugað að fyrstu uppbyggingu hreinsimannvirkja.

Kerauga – Vatnsveituframkvæmdir frá Kerauga að Austvaðsholti sem styrkir og eykur afhendingaröryggi í Holtum og syðsta hluta á Landi.

Lækjarbraut, Raudalæk – Gatnaframkvæmdir sem íbúar kæmu að kostnaðarlega með gatnagerðargjöldum að hluta til.

Sparkvöllur Þykkvabæ – Verkefni sem slegið hefur verið á frest lengi en jafnar hlut íbúanna til íþróttaiðkunar á heimasvæði.

Dynskálar, iðnaðarhverfi – Iðnaðarlóðir þurfa að vera til úthlutunar eins og íbúarlóðir.

Suðurlandsvegur 1-3 – Gengið verði frá lóðinni að framanverðu svo sómi sé að. Lóðarframkvæmdir að aftanverðu verði látnar biða betri tíma, þegar ljóst er frekar hvernig hið 1200m² nýbyggingarhúsnæðið verður nýtt inn í framtíðina.

Ólafur E. Júlíusson, Guðfinna Þorvaldsdóttir og Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir.

Bókun fulltrúa D-listans vegna bókunar B-listans, lögð fram undir 10. lið á 56. fundi

hreppsnefndar Rangárþings ytra:

Bókun B-listans er um margt athygli verð og ber þess merki að fulltrúar B-listans hafi áttað sig á því að kosningar eru á næstu grösom.

Í bókun B-listans segir að fulltrúarnir hafi setið hjá við afgreiðslu málsins á sínum tíma vegna þess að verkið væri of stórt. Engar tillögur komu þá fram um að minnka verkið eða fara aðrar leiðir. Nú er lagt til að rúmlega tvöfalda útgjöld við framkvæmdir sveitarfélagsins.

Eftirfarandi bókun var samþykkt samhljóða á síðasta hreppsráðsfunði:

"Sveitarstjóra falið að leita eftir samningum við verktaka um að falla frá hluta verksamnings vegna framkvæmda við Öldur III, gegn því að fara í aðrar framkvæmdir sem samsvara fyrirbyggjandi samningi frá maí 2008. Samningsdrög þarf að leggja fyrir sveitarstjórn til staðfestingar"

Oddviti B-listans lagði engar hugmyndir eða tillögur fram um að fara aðrar leiðir og var sáttur við þá leið sem farin var og greiddi henni atkvæði sitt.

Nú þegar drög að samkomulagi liggja fyrir hlaupa fulltrúar B-listans til í atkvæðaveiðum og ætla að bjóða betur.

Hugmyndir og tillögur B-listans bera enn og aftur vott um að fulltrúarnir virðast litla þekkingu hafa á málum. Kostnaðaráætlun vegna fráveitumála í Öldum III hljóðar upp á 120 milljónir, en eftirstöðvar af samningi við Þjótanda hljóða upp á 95 milljónir kr.

Þá koma fulltrúarnir fram með tillögur um gatnaframkvæmdir við Raudalæk. Sú tillaga er undarleg í ljósi þess að unnið er að lausn mála við Lækjarbraut á Raudalæk, þar sem ekki þarf að koma til álagning gatnagerðargjalda.

Vardandi vatnsveitu við Kerauga þá liggur fyrir vilji stjórnar vatnsveitunnar í þeim efnum og unnið er að þeim málum. En forræði þeirra mála eru á höndum stjórnar Vatnsveitu Rangárþings ytra og Ásahrepps bs.

Þau drög að samkomulagi við Þjótanda sem nú liggja fyrir gera ráð fyrir að spara tæpar 10 milljónir. Falla frá framkvæmdum við Öldur III en þess í stað að vinna að frágangi við Suðurlandsveg 1-3. Koma upp sparkvelli í Þykkvabæ og gera iðnaðarsvæðið við Dynskála hæft til úthlutunar og framkvæmda.

Tillögur B-listans munu kosta á þriðja hundrad milljónir. Samkomulagið við Þjótanda mun hinsvegar kosta um 86 milljónir. Á þeim tímum sem við lifum á er markmið ábyrgðar sveitarstjórnar að halda útgöldum í lágmarki. Fulltrúar B-listans virðast lifa í öðrum veruleika en fulltrúar D-listans.

Fulltrúar D-listans telja að með þessu samkomulagi sé komin viðunandi sátt í málin, um leið og verkefni sem nauðsynlegt er að vinna að eru komin af stað.

Þorgils Torfi Jónsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Sigurbjartur Pálsson og Helga Fjóla Guðnadóttir.

Svar við bókun D-lista.

Ljóst er að enn og aftur misskilja fulltrúar D-lista hugmyndir B-lista.

Spurning er hvort það er afhreinni stríðni eða hreinlega sljóleika vegna langvarandi, þreytulegrar setu í meirihluta sveitarstjórnar Rangárþings ytra.

Umhugsunarefni fyrir íbúa Rangárþings ytra sem ganga að kjörborðinu í lok maí nk.

Hugmyndir D-listans á síðasta hreppsráðsfundinum 25. mars sl. gengu út á að leggja 36 milljónir í lóðarframkvæmdir bakatil og framan við Suðurlandsveg 1-3, 48 milljónir í gatnaframkvæmdir í iðnaðarsvæði við Dynskála og bílastæði og gatnaframkvæmdir við enda Útskála og Laufskála.

Oddviti B-listans lagði til á fyrrgreindum hreppsráðsfundinum að skoðaðar yrðu fleiri framkvæmdir svo sem fráveituframkvæmdir frá Öldum III og iðnaðarhverfi við Dynskála suður fyrir þjóðveg, vatnsveituframkvæmdir við Kerauga að Austvaðsholti, sparkvöll í Þykkvabæ o.fl.

Svo segja þessir ágætu sveitarstjórnarfulltrúar D-listans að ekkert hafi komið frá oddvita B-listans.

Ljóst er að tillaga okkar B-lista fólks gengur út á að koma með tillögur um framkvæmdir sem við teljum brýnar fyrir þær 86 millj. sem búið er að festa í fyrri samning um Öldur III og skipta þeim á milli eftirfarandi verkþátta: Fráveituframkvæmdir, 1. áfangi - Ráðist verði í fráveituframkvæmdir frá Öldum III og nýju iðnaðarhverfi við Dynskála suður fyrir þjóðveg og hugað að fyrstu uppbyggingu hreinsimannvirkja. – 25 milljónir.

Kerauga – Vatnsveituframkvæmdir frá Kerauga að Austvaðsholti sem styrkir og eykur afhendingaröryggi í Holtum og syðsta hluta á Landi. – 15 milljónir.

Lækjarbraut, Raudalæk – Gatnaframkvæmdir sem íbúar kæmu að kostnaðarlega með gatnagerðargjöldum að hluta til. – 10 milljónir.

Sparkvöllur Þykkvabæ – Verkefni sem slegið hefur verið á frest lengi en jafnar hlut íbúanna til íþróttaiðkunar á heimasvæði. – 3 milljónir.

Dynskálar, iðnaðarhverfi – Iðnaðarlóðir til úthlutunar eins og íbúarlóðir. – 15 milljónir

Suðurlandsvegur 1-3 – Gengið verði frá lóðinni að framanverðu svo sómi sé að. Lóðarframkvæmdir að aftanverðu verði látnar bíða betri tíma, þegar ljóst er frekar hvernig hið 1200m² nýbyggingarhúsnæðið verður nýtt inn í framtíðina. – 18 milljónir.

Samtals 86 milljónir.

Guðfínna Þorvaldsdóttir, Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir, Ólafur Júlíusson

Bókun fulltrúa D-listans vegna bókunar fulltrúa B-listans við 10. lið á dagskrá 56. fundar hreppsfundar Rangárþings ytra.

Fulltrúar D-listans hafa fulla athygli, nú sem fyrr og þess vegna sjá menn að tillögur B-listans ganga ekki upp. Fulltrúar B-listans vilja leggja af stað með 25 milljónir í verkefni sem kostar um 120 milljónir. Það jafngildir því að kaupa girkassa og aftursæti í bíl en ekkert fleira. Það sér hver maður hversu skynsamleg sú ráðstöfun yrði.

Fulltrúar B-listans vilja leggja 10 milljónir í gatnagerð á Raudalæk en miðað við þau áform sem nú eru uppi munu hvorki sveitarsjóður né íbúar á Raudalæk þurfa að greiða fyrir gatnagerð við Lækjarbraut.

Ljóst er að 18 milljónir munu duga ansi skammti við frágang á lóð við Suðurlandsveg 1-3, svo sómi sé að, líkt og fulltrúar B-listans áréttu í bókun sinni.

Sennin bókun B-listans er ekki til að bæta þeirra aðkomu að málinu. Fulltrúar D-listans telja að það samkomulag sem nú liggur á borðinu sé til lausnar á málinu miðað við núverandi aðstæður og munu því samþykka það óbreytt.

Þorgils Torfi Jónsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Sigurbjartur Pálsson og Helga Fjóla Guðnadóttir.

Bókun B-listans vegna bókunar nr. 2 hjá D-listanum

B-listinn harmar þá einsleitni og þröngsýni sem fram kemur í samkomulagsdrögum við verktaka.

B-listinn telur það mun brýnna að dreifa fjármagninu á fleiri verkefni. Vissulega dugar þetta fjármagn skammti í suma þætti tillögunnar en eru þó fjármagn til að hefja verkefni og koma þeim á reksþól.

Það er ljóst að D-listinn hefur sýnt ótrúlegan sofnadahátt í þessu máli frá upphafi og er að reyna að klóra í bakkann á síðustu metrum fyrir kosningar.

Oddviti B-listans hefur margspurt eftir því, strax eftir efnahagshrunið á haustdögum 2008, hvort eitthvað sé að frétta af verkum í skiptum fyrir eftirstöðvar verksins í Óldum III eða finna leiðir út úr þessu samkomulagi í ljósi efnahagshrunsins. Evinlega voru svörin á þá leið að það væri verið að fara að leysa málið. Það að vera bínir að taka sér hátt í tvö ár til að böggla saman því samkomulagi sem nú litur loksins dagsins ljós og er ekki upp á marga fiska og gengur út á framkvæmdir á einum og sama blettinum. Þetta kallast skilvirkni stjórnsýslunnar. – Þetta kallast full athygli. Að lokum óskum við ykkur D-lista fulltrúum góðs og árangursríks gengis í prófkjörinu á laugardaginn langa nk. Guðfinna Þorvaldsdóttir, Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir, Ólafur Júlíusson

Bókun fulltrúa D-listans vegna bókunar fulltrúa B-listans við 10. lið á dagskrá 56. fundar hreppsnefndar Rangárbings ytra.

Fulltrúar D-listans sjá ekki ástæðu til að svara síðustu bókun B-listans, enda ekkert nýtt í málinu sem vert er að svara.

Þorgils Torfi Jónsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Sigurbjartur Pálsson og Helga Fjóla Guðnadóttir.

Sveitarstjórn staðfestir framlagt samkomulag.

Samþykkt með fjórum atkvæðum, þrír eru á móti (ÓEJ, GP, MÝS).

11. Tunnuvæðing.

Sveitarstjóra er falið að kaupa nauðsynlegan fjölda tunna til tunnuvæðingar heimila í dreifbýli og endurvinnslutunnur fyrir öll heimili í sveitarfélaginu. Kostnaði er vísað til endurskoðunar fjárhagsáætlunar.

Samþykkt með sex atkvæðum, einn situr hjá (ÓEJ).

12. Þriggja ára áætlun, síðari umræða.

Þriggja ára áætlun staðfest.

Samþykkt með fjórum atkvæðum, þrír sitja hjá (ÓEJ, GP, MÝS).

Helga Fjóla Guðnadóttir vikur af fundi og Þórhallur Svavarsson tekur sæti hennar.

13. Staðgreiðsluáætlun og launagreiðsluáætlun.

Lögð fram yfirlit yfir staðgreiðslu og launagreiðslur fyrir fyrstu 3 mánuði ársins. Yfirlit eru í ágætu samræmi við áætlanir.

Til kynningar.

14. Innheimtumál.

Sveitarstjórn telur ekki ástæðu til breytinga á innheimtuferlum á gjöldum sveitarfélagsins.

Samþykkt með fjórum atkvæðum, þrír sitja hjá (ÓEJ, GP, MÝS).

F. Fundarboð, ráðstefnur, námskeið, þjónusta og umsóknir um styrki:

F.1. Ný heilsugæsla og endurhæfingaraðstaða HSu á Selfossi.

Til kynningar.

F.2. Landsvirkjun, ársfundur.

Til kynningar.

F.3. Rangárbakkar, aðalfundur.

Samþykkt að fela Ingvari P. Guðbjörnssyni að fara með atkvæði sveitarfélagsins á aðalfundinum.

Samþykkt með sex atkvæðum, einn situr hjá (ÓEJ).

F.4. Kartöfluverksmiðja Þykkvabæjar, aðalfundur.

Samþykkt að fela Ingvari P. Guðbjörnssyni að fara með atkvæði sveitarfélagsins á aðalfundinum.

Samþykkt samhljóða.

G. Annað efni til kynningar:

G.1. Listabókstafir stjórnmalasamtaka sem buðu fram til Alþingis.

G.2. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, vegna sérstaks framlags til að mæta hækkun á greiðslu tryggingargjalds.

G.3. Vegagerðin, vegna niðurfellingar á innistæðum vegna styrkveitinga.

G.4. Félag íslenskra atvinnuflugmanna, vegna Reykjavíkurflugvallar.

G.5. Umhverfisstofnun, vegna mengunareftirlits.

G.6. Mennta- og menningarmálaráðuneytið, skýrsla um samræmd könnunarpróf 2009.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 20:10.

Ingvar P. Guðbjörnsson
Sigurbjartur Pálsson
Þorgils Torfi Jónsson
Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir

Hreppsnefnd Rangárþings ytra

Fundargerð

57. fundur hreppsnefndar Rangárþings ytra, haldinn að Suðurlandsvegi 1, Hellu, fimmtudaginn 6. maí 2010, kl. 13:00.

Mætt voru: Þorgils Torfi Jónsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Sigurbjartur Pálsson, Helga Fjóla Guðnadóttir, Ólafur Elvar Júlíusson, Guðfinna Þorvaldsdóttir og Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir. Að auki Örn Þórðarson sveitarstjóri sem ritaði fundargerð. Einnig sátu fundinn undir lið 13; Árni Hannesson og Samúel Guðmundsson sem kynntu hugmynd um Velferðarþorp Hellu, Eydis Indriðadóttir oddviti Ásahrepps, Drífa Hjartadóttir stjórnarformaður Lundar og Jón Pétur Róbertsson. Einnig Sigfús Davíðsson sem tók sæti Ólafs Júlíussonar.

1. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórnna til staðfestingar eða kynningar:

- 1.1. Hreppsráð, 50. fundur, 21. apríl 2010.
Fundargerðin er staðfest.
Samþykkt samhljóða.
- 1.2. Íþrótt- og æskulýðsnefnd, 35. fundur, 28. apríl 2010.
Fundargerðin er staðfest.
Samþykkt samhljóða.
- 1.3. Ungmennaráð, 4. fundur, 8. apríl 2010.
Til kynningar.
- 1.4. Barnaverndarnefnd Rangárvalla- og V.Skaftafellssýslu, 44. fundur 30. mars 2010.
Til kynningar.
- 1.5. Félagsmálanefnd Rangárvalla- og V.Skaftafellssýslu, 28. fundur 19. apríl 2010.
Til kynningar.
- 1.6. Tónlistarskóli Rangæinga, 126. fundur, 28. apríl 2010, ásamt ársreikningi 2009.
Til kynningar.
- 1.7. Suðurlandsvegur 1-3, II áfangi, 19. verkfundur, 19. apríl 2010.
Til kynningar.
- 1.8. Mötuneytismál, fundur 3. maí 2010.
Til kynningar.
- 1.9. Endurskoðun aðalskipulags, 17. fundur, 4. maí 2010.
Til kynningar.
- 1.10. Samgöngunefnd, fundur 5. maí 2010.
Frestað.

2. Skipulags-, byggingarmál og tengd erindi:

- 2.1. Byggingarnefnd, 34. fundur, 4. maí 2010.

Sveitarstjórn staðfestir þá liði er varða Rangárþing ytra og eru:

415-2010 Kaldakinn, Rangárþingi ytra - byggingarleyfi fyrir smáhýsi.

Margrét Eggertsdóttir, kt. 040853-7669, Köldukinn, Rangárþingi ytra, sækir um byggingarleyfi fyrir smáhýsum á lóðum F1 og F2 í landi Köldukinnar, samkvæmt meðfylgjandi teikningum. **Samþykkt.**

416-2010 Lyngás, Rangárþingi ytra - byggingarleyfi fyrir íbúðarhús.

Pálína Kristinsdóttir, kt. 130740-3599, Lyngási, 851 Hellu, sækir um byggingarleyfi fyrir íbúðarhúsi að Lyngási í Rangárþingi ytra, samkvæmt meðfylgjandi teikningum. **Samþykkt með fyrirvara um samþykkt deiliskipulag.**

417-2010 Árhús, Rangárþingi ytra - byggingarleyfi fyrir tveimur gestahúsum.

Árhús ehf. kt. 691100-2350, Rangárbakka 6, Hellu, sækir um byggingarleyfi fyrir tveimur gestahúsum að Árhúsum á Hellu, samkvæmt meðfylgjandi teikningum. **Samþykkt með fyrirvara um samþykkt deiliskipulag.**

418-2010 Þjóðólshagi 17, Rangárþingi ytra - byggingarleyfi fyrir viðbyggingu.

Viktória Dagbjartsdóttir, kt. 140857-5569, Klukkuríma 91, 112 Reykjavík, sækir um byggingarleyfi fyrir viðbyggingu við sumarhús sitt að Þjóðólshaga 17 í Rangárþingi ytra, samkvæmt meðfylgjandi teikningum. **Samþykkt.**

419-2010 Skammbeinsstaðir, Rangárþingi ytra - byggingarleyfi fyrir hesthúsi.

Daður Benónýsson, kt. 021061-4419, Hrafnshöfða 29, 270 Mosfellsbæ, sækir um byggingarleyfi fyrir hesthúsi og móttöku að Skammbeinsstöðum í Rangárþingi ytra, landnr. 217486, samkvæmt meðfylgjandi teikningum. **Samþykkt.**

420-2010 Árbakki lóð 47, Rangárþingi ytra - byggingarleyfi fyrir frístundahúsi.

Karl Óskarsson, kt. 011256-4069, Baugatanga 5a, 101 Reykjavík, sækir um byggingarleyfi fyrir frístundahúsi á lóð sinni nr. 47 í landi Árbakka í Rangárþingi ytra, samkvæmt meðfylgjandi teikningum. **Samþykkt með fyrirvara um breytingu á deiliskipulagi.**

421-2010 Litli-Klofi, lóð 25, Rangárþingi ytra - byggingarleyfi fyrir frístundahúsi.

Eymundur G. Hannesson, kt. 160962-5269, Kríuási 45b, 221 Hafnarfirði, sækir um byggingarleyfi fyrir frístundahúsi að Litla-Klofa, lóð 25 í Rangárþingi ytra, samkvæmt meðfylgjandi teikningum. **Samþykkt.**

422-2010 Hrauneyjar, Rangárþingi ytra - byggingarleyfi fyrir stækkun á gistiskálum.

Pólar Hótel ehf. kt. 520399-2329, Suðurlandsvegi, 851 Hellu, sækir um byggingarleyfi fyrir stækkun á gistiskálum í Hrauneyjum í Rangárþingi ytra, samkvæmt meðfylgjandi teikningum. **Samþykkt með fyrirvara um samþykkt deiliskipulag og með samþykki Brunamálstofnunar.**

423-2010 Hjarðarbrekka við Hótel Rangá, Rangárþingi ytra - byggingarleyfi fyrir starfsmannahúsi.

Tillaga B-lista og óháðra vegna 6. liðs.

Við óskum eftir frestun á afgreiðslu á fyrirbyggjandi húsaleigusamningi á milli Rangárþings ytra sem leigukaupa og Félags tengibyggingar Suðurlandsvegur 1-3 sem leigusala að upphæð 374.000,- á mánuði án vsk. vegna sameiginlegs rýmis í tengibyggingu.

Forsendur:

Við sendum hinu nýja félagi sem á og rekur starfsemi tengibyggingar tölvupóst 4. maí s.l. og leitað var eftir upplýsingum um fjármögnun o.fl. en svar hefur ekki borist en þar var m.a. spurt um:

Fjármagn:

Hvað er hlutfé félagsins?

Hvert er framlag hvers hluthafa eins og staðan er í dag?

Hvaða fjármagn hefur Verkalýðshúsið lagt fram?

Áætlanagerð:

Er til fjárhagsáætlun félagsins?

Hver var kostnaðaráætlun tengibyggingar í upphafi?

Hver er núverandi kostnaðaráætlun?

Hver var kostnaðaráætlun vegna klæðningar á Suðurlandsvegi 1-3?

Hver er núverandi kostnaðaráætlun?

Staðan í dag:

Hver er staða varðandi bygginguna er varðar þá verkþætti sem eru eftir, m.ö. hvað kostar að klára?

Eru lánsloforð tryggð fyrir eftirstöðvum verkþáttum?

Ef svo er ekki með hvaða hætti ætlar félagið að leysa það mál?

Framtíðin:

Hver er arósemi byggingarinnar? Hagnaður, tap?

Hversu hratt mun of greitt framlag Rangárþings ytra verða endurgreitt?

Einnig óskum við eftir upplýsingum núna hjá Rangárþingi ytra:

Hvaða upphæð sveitarfélagið hefur lagt samtals í bygginguna?

Hvaða upphæð er samþykkt á fjárhagsáætlun sveitarfélagsins til tengibyggingar?

Við óskum eftir þessum upplýsingum áður en til afgreiðslu kemur.

Undirrituð hafa verulegar áhyggjur af þeirri stöðu sem upp er komin og að sveitarfélagið eigi erfitt með að standa undir frekari lántökum og greiðslum til hins nýja félags.

Guðfinna Þorvaldsdóttir, Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir og Sigfús Davidsson.

Fundarhlé gert kl. 17:10. Fundarhlé lokið kl. 17:18

Bókun fulltrúa D-listans vegna afgreiðslu á lið 6 á 57. fundi hreppsnefndar Rangárþings ytra.

Sá samningur sem nú liggur til afgreiðslu á ekki að koma á óvart, enda m.a. lagt af stað í upphafi með það að markmiði að bæta aðgengi íbúa að Suðurlandsvegi 1. Samningurinn er liður í því að ganga frá lausum endum vegna heildarfjármögnunar við byggingu á millibyggingunni milli Suðurlandsvegur 1-3. Frestun á afgreiðslu samningsins mun einungis skapa hættu á enn frekari töfum á framgangi verksins. M.a. af þessum ástæðum vill D-listinn ljúka afgreiðslu málsins og stuðla þannig að því að húsnæðið komist sem fyrst í notkun, samfélaginu til heilla. Sveitarstjóra falið að svara fyrirspurnum sem lagðar eru fram og beint að sveitarfélaginu á næsta reglulega fundi sveitarstjórnar

Þorgils Torfi Jónsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Sigurbjartur Pálsson og Helga Fjóla Guðnadóttir

Tillaga B-lista um að fresta afgreiðslu erindisins.

Tillagan er felld með þremur atkvæðum B-listans, gegn fjórum atkvæðum D-lista.

Tillaga um að staðfesta framlagðan húsaleigusamning.

Samþykkt með fjórum atkvæðum D-lista, gegn þrem atkvæðum B-lista.

7. Mötuneytismál, tilboð SS.

Til kynningar.

8. Styrkvegasjóður Vegagerðarinnar, umsókn.

Til kynningar.

9. Minkaveiðar.

Lögð fram tvö erindi frá Vaski á bakka. Varðandi fyrri erindið, um samning og ráðningu til að annast hreinsun á eigin minkasíum og annarra á svæði Rangárþings ytra, þá er því hafnað. Hvað varðar síðara erindið er lýtur að framsali forræðis í minkaveiðum, þá er því einnig hafnað.

Samþykkt samhljóða.

10. Úrskurðarnefnd fristundahúsamála, leigulóð í Gaddstaðalandi.

Lögð fram kæra Gylfa Kristinssonar til úrskurðarnefndar fristundahúsamála, vegna fristundalóðar nr. 17 í landi Gaddstaða. Sveitarstjóra falið að upplýsa nefndina um afstöðu sveitarfélagsins til kröfu kæranda, sem er að leiguverð skuli taka mið af söluverði lóða og ásættanlegri ávöxtunarkröfu.

Samþykkt samhljóða.

11. Staðgreiðsluáætlun og launagreiðsluáætlun.

Frestað.

12. Vegna liðar 4. á 56. fundi hreppsnefndar.

Lögð fram eftirfarandi bókun Guðfinnu Þorvaldsdóttur:

Varðandi 56. fund hreppsnefndar. Þá hefur misritast í fundargerð lið 4. Húsaleiga á Laugalandi. Með vísan í lið 1.1 Ég bað um að liðurinn væri borin upp í tvennu lagi. Annars vegar beiðni íbúa um endurskoðun húsaleigu og hins vegar möguleika á að breyta húsnæðinu. Afgreiðslan var þannig á fundinum.

Samþykkt að hafna beiðninni með 4 fulltr.

Hjásæta 2 fulltrúar (MÝS)(ÓEJ) Vildi verða við erindinu (GP)

Pólar Hótel ehf. kt. 520399-2329, Suðurlandsvegi, 851 Hellu, sækir um byggingarleyfi fyrir starfsmannahúsi við Hótel Rangá, Rangárþingi ytra, samkvæmt meðfylgjandi teikningum. **Samþykkt með fyrirvara um samþykkt deiliskipulag. 424-2010 Grásteinsholt, Rangárþingi ytra - byggingarleyfi fyrir íbúðarhúsi.**
Haraldur Eiríksson, kt. 100862-7199, Giljatanga 3, 851 Hellu, sækir um byggingarleyfi fyrir íbúðarhúsi og bílskúr að Grásteinsholti, landnr. 218400, úr landi Lýtingsstaða í Rangárþingi ytra, samkvæmt meðfylgjandi teikningum. **Samþykkt. 425-2010 Merkiðvoll 5, Rangárþingi ytra - byggingarleyfi fyrir viðbyggingu.**
Helga Hannesdóttir, kt. 100542-2189, Trönuhólum 18, 111 Reykjavík, sækir um leyfi til að byggja við sumarhús sitt að Merkiðvoli 5 í Rangárþingi ytra, samkvæmt meðfylgjandi teikningum. **Samþykkt.**

Fundargerð byggingarnefndar hvað varðar liði er snúa að Rangárþingi ytra er samþykkt samhljóða.

- 2.2. Rammaskipulag fyrir Suðurlandsveg um Hellu.
Lögð fram drög að rammaskipulagi fyrir Suðurlandsveg gegnum Hellu, vinnuskjal sveitarstjórnar, til móttunar stefnu um Suðurlandsveg um Hellu.
Sveitarstjóra falið að kalla eftir álitum þeirra umsagnaraðila sem fjalla um þær framkvæmdir sem rammaskipulagið nær til.
Samþykkt samhljóða.
- 2.3. Deiliskipulag fyrir olíubirgðastöð.
Með hliðsjón af því að ekki er til staðfest deiliskipulag fyrir olíubirgðastöð Olíudreifingar ehf. á Hellu, er sveitarstjóra falið að kanna málið í samvinnu við félagið.
Samþykkt samhljóða.
- 2.4. Þjónustuskáli Blautuverum, stöðuleyfi.
Ekki er hægt að taka afstöðu til erindisins miðað við framlögð gögn. Sveitarstjóra falið að ræða við bréfitara varðandi málið.
Samþykkt samhljóða að hafna erindinu eins og það er lagt fyrir.

3. Landskipti, stofnun lögbýla og tengd erindi:

- 3.1. Þjóðlenda, Rangárvallafrétti.
Sveitarstjórn Rangárþings ytra gerir fyrir sitt leyti, ekki athugasemd við stofnun lóðar á Rangárvallafrétti með landnámi 219245 að stærð 82.600 hektarar. Landsvæðið afmarkast að teknu tilliti til dóms Hæstaréttar í máli 571/2006. Áréttað er að hluti lóðar er utan sveitarfélagamarka og þarf að taka tillit til þess, varðandi fullnaðarstaðfestingu lóðar. Engin afstaða er tekin til eignarhalds eða landamerkjia lóðar.
Samþykkt samhljóða
- 3.2. Akbraut, landskipti.
Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við að skipt verði úr jörðinni Akbraut (lnr. 165062) lóðinni Akbraut lóð 1 með landnámi 219343 (2,3 ha.) Lögbýlisréttur fylgir áfram jörðinni Akbraut. Engin afstaða er tekin til eignarhalds eða landamerkjia lóðar.
Samþykkt samhljóða.
- 3.3. Minni Vellir, samruni landskika.
Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við að lóðirnar Minni Vellir (lnr. 177568, stærð 16,3 ha.) og Minni Vellir lnr. 218736, stærð 9,93 ha.) verði sameinaðar í eina lóð með heitið Minni Vellir landnúmer 177568 (26,23 ha.). Engin afstaða er tekin til eignarhalds eða landamerkjia lóðar.
Samþykkt samhljóða.
- 3.4. Rangá, tilkynnt kaup.
Tilkynnt um kaup Veiðifélags Ytri Rangár og Vesturbakka Hólsár á jörðinni Rangá, landnúmer 165412, með hliðsjón af 10. gr. jarðalaga.
Til kynningar.
- 3.5. Þjóðólfshagi 21 og 25, stofnun lögbýlis.
Sveitarstjórn fagnar erindinu um stofnun lögbýlis að Þjóðólfshaga 21 og 25. Bent er á að breyta þarf aðalskipulagi lóðanna úr fristundabyggð í land til landbúnaðarnota. Einnig að sækja þarf um nafn á lögbýlið til Örnefnanefndar.
Afgreiðslu frestað.

Tillaga um að tekinn verði til afgreiðslu liður nr. 13. Samþykkt samhljóða.

Ólafur E. Júlíusson vikur af fundi. Sigfús Davíðsson tekur sæti á fundinum.

4. SASS, tilnefning fulltrúa í starfshóp um mat á sameiningarkostum sveitarfélaga, með vísan í lið 1.1.

Samþykkt að fela Þorgils Torfa Jónssyni að vera fulltrúa sveitarfélagsins í starfshópnum.

Samþykkt samhljóða.

5. Orlofsdagar sveitarstjóra.

Lagt fram yfirlit yfir orlofsdaga sveitarstjóra. Fallist er á erindi sveitarstjóra varðandi uppgjör á orlofi 2009.

Samþykkt samhljóða.

6. Húsaleigusamningur, Suðurlandsvegur 1-3.

Lagður fram húsaleigusamningur milli sveitarfélagsins sem húseiganda Suðurlandsvegar 1 annars vegar og Suðurlandsvegar 1-3 ehf., vegna hlutdeildar í sameign fasteignarinnar Suðurlandsvegur 1-3.

Fundarhlé gert kl. 16:30. Fundarhlé lokið kl. 17:00

Allir samþykktu seinni liðinn.
Guðfinna Þorvaldsdóttir

Til kynningar.

13. Velferðarþorp.

Verkefnið „Velferðarþorpið á Hellu“ kynnt af Ólafi E. Júlíussyni, Árna Hannessyni og Samúel Guðmundssyni frá THG arkitektum.

Sveitarstjórn fagnar þeim hugmyndum sem kynntar hafa verið á fundinum og telja þær falla vel að þeim áformum sem unnið hefur verið að í nágrenni Lundar. Ljóst er að verkefnið er stórt og hafa þarf samráð við fleiri aðila vegna málsins. Þá þarf að breyta skipulagi til að verkefnið rúmist í nágrenni Lundar. Sveitarstjórn vill vinna áfram að málinu. Lagt er til að haldinn verði sameiginlegur fundur sveitarstjórna Rangárþings ytra og Ásahrepps með stjórn Lundar til að ræða málið áfram og næstu skref. Sveitarstjóra verði falið að koma fundinum á við fyrsta hentuga tækifæri.

Samþykkt samhljóða.

F. Fundarboð, ráðstefnur, námskeið, þjónusta og umsóknir um styrki:

F.1. Fjallasýn, styrkumsókn.

Samþykkt að styrkja verkefnið um 200.000,- krónur.

Samþykkt samhljóða.

F.2. Orlofssjóður húsmæðra, umsókn.

Sveitarstjóra falið að svara erindinu.

Samþykkt samhljóða.

F.3. UMFÍ, handbók um gönguleiðir.

Til kynningar.

F.4. Hekla blúsfélag, styrkumsókn.

Samþykkt að styrkja verkefnið um 250.000,- krónur

Samþykkt samhljóða.

F.5. SÁÁ, Álfasala.

Erindinu hafnað.

Samþykkt samhljóða.

F.6. Háskólasjúkrahús, kynningarfundur.

Til kynningar.

F.7. Birta, starfsendurhæfing Suðurlands, ársfundur.

Til kynningar.

F.8. Vinnumarkaðsútræði VMST.

Til kynningar.

G. Annað efni til kynningar:

G.1. Umhverfisstofnun, meðhöndlun úrgangs hjá Sorpstöð Rangárvallasýslu.

G.2. Skipulagsstofnun, vegna skálasvæðis við Alftavatn.

G.3. Samband íslenskra sveitarfélaga, verklag við staðfestingu ákvarðana skipulagsnefnda.

G.4. Sveitarfélagið Árborg, kveðjur á hamfarasvæðum.

G.5. Þjóðskrá, viðmiðunardagur kjörskrár.

G.6. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, framlag til nýbúafræðslu.

G.7. Fomleifavernd, Árbakki.

G.8. Velferðarvaktin.

G.9. Þinglýst skjöl frá sýslumanni á Hvolsvelli.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:15.

Þorvaldur Þorvaldsson
Ingvarr Ólafsson
Ólafur Þorvaldsson
Helga Þorvaldsdóttir
Sigrún Ólafsdóttir
Andreas Pálsson

Ólafur

Hreppsnefnd Rangárþings ytra

Fundargerð

58. fundur hreppsnefndar Rangárþings ytra, haldinn að Suðurlandsvegi 1, Hellu, miðvikudaginn 26. maí 2010, kl. 13:00.

Mætt voru: Þorgils Torfi Jónsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Sigurbjartur Pálsson, Þröstur Sigurðsson, Ólafur Elvar Júlíusson, Guðfinna Þorvaldsdóttir, Magnús Jóhannsson og Lúðvík Bergmann. Að auki Örn Þórðarson sveitarstjóri sem ritaði fundargerð. Einnig sátu fundinn undir lið 6; Auðunn Guðjónsson endurskoðandi og Indriði Indriðason fjármálastjóri. Rúnar Guðmundsson og Ásgeir Jónsson sátu fundinn undir lið 2.1. og 2.2. Forföll boðuðu Helga Fjöla Guðnadóttir, Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir, Sigfús Davíðsson, Gísli Stefánsson, Þórhallur Svavarsson, Þorbergur Albertsson og Þórunn Ragnarsdóttir.

Við bætist liður nr. 18. Samþykkt samhljóða.

Tillaga um að tekin verði á dagskrá liður 6. Ársreikningar 2009. Samþykkt samhljóða.

1. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til staðfestingar eða kynningar:

- 1.1. Samgöngunefnd, 14. fundur 5. maí 2010.
Til kynningar.
- 1.2. Barnaverndarnefnd Rangárvalla- og V.Skaftafellssýslu, 97. fundur 28. apríl 2010.
Til kynningar.
- 1.3. Félagsmálanefnd Rangárvalla- og V.Skaftafellssýslu, 29. fundur, 19. maí 2010.
Til kynningar.
- 1.4. Samráðsnefnd um Holtamannafrétt, fundur 12. maí 2010.
Til kynningar.
- 1.5. Brunavarnir Rangárvallasýslu bs., 22. fundur 18. maí 2010, ásamt ársreikningi 2009.
Til kynningar.
- 1.6. Suðurlandsvegur 1-3, II áfangi, 20. verkfundur, 27. apríl 2010.
Til kynningar.
- 1.7. Suðurlandsvegur 1-3, II áfangi, 21. verkfundur, 7. maí 2010.
Til kynningar.
- 1.8. Atvinnuþróunarfélag Suðurlands, 292. fundur, 12. maí 2010.
Til kynningar.
- 1.9. Heilbrigðisnefnd Suðurlands 126. fundur, 12. maí 2010.
Til kynningar.
- 1.10. Sorpstöð Suðurlands, 189. fundur, 5. maí 2010.
Til kynningar.
- 1.11. SASS, 433. fundur, 14. maí 2010.
Til kynningar.
- 1.12. Skólaskrifstofa Suðurlands, 121. fundur, 17. maí 2010.
Til kynningar.
- 1.13. Samband íslenskra sveitarfélaga, 774. fundur, 7. maí 2010.
Til kynningar.

Guðfinna Þorvaldsdóttir vikur af fundi kl. 15:00 og Lúðvík Bergmann tekur sæti hennar.

2. Skipulags-, byggingarmál og tengd erindi:

- 2.1. Skipulagsnefnd, 28. fundur, 21. maí 2010.

Sveitarstjórni staðfestir þá liði er varða Rangárþing ytra og eru:

118 2010 Þjóðólfshagi, Rangárþingi ytra, breyting á gildandi deiliskipulagi frístundabyggðar.

Um er að ræða breytingu á gildandi deiliskipulagi frístundabyggðar frá 7. júlí 1999. Eldra deiliskipulag tekur til ca. 40 ha lands, og eru um 30 ha undir frístundabyggð. Helstu breytingar eru: Byggingarmagn á lóðum er aukið og hámarksnýtingarhlutfall er 0,03. Afmörkun lóða F30, F31, F32 og F33 breytist nokkuð og lóðir F34 og F35 eru nýjar. Fram er komin athugasemd frá Lögmannnum Árbæ SLF. f.h. Guðbjargar Egilsdóttur eiganda lóðar nr. 11 í deiliskipulagi. Guðbjörg telur sig ekki hafa fengið neina sérstaka tilkynningu um breytinguna, þó að það sé skylt skv. skipulagslögum, að hennar mati. Hún er ekki aðildarfélagi, að félagi um frístundabyggð í Þjóðólfshaga. Skipulagsnefnd frestaði afgreiðslu málsins 7. apríl 2010. Bókun skipulagsnefndar nú: Deiliskipulagsbreytingin var auglýst skv. lögum nr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga þar sem m.a. kemur fram að fara skuli með breytinguna eins og um nýtt deiliskipulag sé að ræða en sé um óverulega breytingu að ræða, en þá skuli fara fram grenndarkynning. Það er mat skipulagsnefndar að eðlilega hafi verið staðið að kynningu á deiliskipulagsbreytingu frístundabyggðar í Þjóðólfshaga.

Deiliskipulagstillagan telst því samþykkt.

124 2010 Miðsel, Rangárþingi ytra deiliskipulag fyrir gestahús og hesthús/reiðskemmu.

Deiliskipulagið nær yfir ríflega 3,5 ha. af landi Mið-Sels (landnr. 199841), Rangárþingi ytra, sem er í heild um 54 ha. Deiliskipulagið tekur til byggingarreits fyrir gestahús og hesthús/reiðskemmu. A svæðinu er gamalt útiðis sem verður rífið. Aðkoma að svæðinu er af Suðurlandsvegi vestan Hellu og um Bjallaveg (nr. 272). Gert er ráð fyrir að núverandi tenging við Bjallaveg verði færð norðar og verði í um 140 m fjarlægð frá vegtengingu við Neðra-Sel. Guðbjartur Björnsson kt. 280539-3259, eigandi Efra-Sels gerir athugasemd við deiliskipulagið í Mið-Seli. Hann vill meina að vegur sé lagður í gegnum land hans og gerir athugasemd við að ekki skuli verið haft samráð við hann vegna málsins. Skipulagsnefnd frestar afgreiðslu málsins 7. apríl 2010. Bókun skipulagsnefndar nú: Tekið verður tillit til athugasemda Guðbjarts og aðkomuvegur færður í fyrra horf.

Deiliskipulagstillagan telst því samþykkt.

128 2010 Hrafninnusker, deiliskipulag og umhverfisskýrsla skálasvæðis á hálendi Rangárþings ytra.

Skálasvæðið við Hrafninnusker er innan svæðis miðhálandisins og fellur það undir lög um mat á umhverfisáhrifum áætlana skv. lögum nr. 105/2006. Svæðið fellur undir þjóðlendur sbr. úrskurð óbyggðanefndar og 2. gr. laga nr. 58/1998 um þjóðlendur. Deiliskipulag þetta nær til 1 ha. svæðis við Hrafninnusker sem er 1.140 m. hæð yfir sjó. Skálinn á svæðinu stendur í um 1.028 m. hæð.

Skipulagsnefnd samþykkir deiliskipulagstillöguna, greinargerð og umhverfisskýrslu og mælist til að deiliskipulagstillagan verði auglýst lögum samkvæmt.

131 2010 Hvangil, deiliskipulag og umhverfisskýrsla skálasvæðis á hálendi Rangárþings ytra.

Hvangil er um 3 km suður af Alftavatni og er við Fjallabaksleið syðri, rétt norðan Myrdalsjökuls. Deiliskipulagið nær til tveggja svæða og samanlögð stærð þeirra er um 2 ha. Ferðafélag Íslands festi kaup á skálanum í Hvangili árið 2002 og núv. byggingar eru 1 skáli byggður 1994, 1 hesthús með gistiðstöðu byggð 1963, 1 skálaráðarhús byggð 1993 og 1 salernishús byggð 1996. Tvö tjaldsvæði eru á svæðinu. Í deiliskipulagstillögunni er ekki verið að leggja til mikla uppbyggingu á svæðinu umfram það sem nú er heldur er stefnt að því að skilgreina lóðir og byggingareiti utan um það sem fyrir er og tryggja að unnt sé að byggja við nauðsynlega stækkun skála og salernisaðstöðu eftir því sem ferðamannþunginn á svæðinu eykst á komandi árum.

Skipulagsnefnd samþykkir deiliskipulagstillöguna, greinargerð og umhverfisskýrslu og mælist til að deiliskipulagstillagan verði auglýst lögum samkvæmt.

137 2010 Haukadalur lóð 5, á norðursvæði, breyting á deiliskipulagi fristundabyggðar, Rangárþingi ytra.

Breytingin felur í sér breytingar á gildandi greinargerð skipulagsins gr. 2.3 og 2.4. Í grein 2.3 er bætt við setningu sem segir „Heimilt skal að byggja tvö hús á hverri lóð, enda sé stærð þeirra innan marka sem tilgreind eru í grein 2.4“ Í grein 2.4 er breytingin á þá vegu að heimilt verður að byggja allt að 250 m² brúttó, þ.e. 180 m² á aðalhusi og annað hús allt að 70 m². Að auki er byggingareitur á lóð nr. 5 stækkaður og færður ofar í lóðina.

Skipulagsnefnd samþykkir ofangreinda breytingu á deiliskipulagi og greinargerð og mælist til að tillagan verði auglýst lögum samkvæmt.

139 2010 Deiliskipulag hálandismiðstöðvar að Hrauneyjum, Rangárþingi ytra.

Deiliskipulagið nær til um 6 ha lóðar Hálandismiðstöðvarinnar Hrauneyja, landnr. 179274. Deiliskipulagið tekur til byggingarreits fyrir stækkun hálandismiðstöðvarinnar, sem felur í sér stækkun á núverandi gistirými og byggingarreits fyrir fræðslustofu. Deiliskipulagið er í samræmi við aðalskipulag Rangárþings ytra 2010 - 2022, þar er svæðið skilgreint sem verslunar- og þjónustusvæði. Eldra deiliskipulag unnið af Litlu Teiknistofunni, dags. í júní 1993 m/siðari breytingum, er fellt úr gildi. Aðkoma að Hrauneyjum er af Landvegi 26 og aðkomuvegi að hálandismiðstöðinni.

Skipulagsnefnd samþykkir deiliskipulagstillöguna og mælist til að hún verði auglýst lögum samkvæmt.

140 2010 Steinkusel, deiliskipulag 4. fristundahúsalóða úr landi Efra-Sels, Rangárþingi ytra.

Deiliskipulagið nær til Steinkusels, landnr. 165021, sem er um 5 ha. spilda. Deiliskipulagið tekur til fjögurra nýrra fristundalóða þar sem heimilt verður að byggja fristundahús og gestahús eða gymslu. Deiliskipulagið er í samræmi við tillögu að aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022 sem er í endurskoðun en þar er svæðið skilgreint sem fristundasvæði. Aðkoma að Steinkuseli er um Bjallaveg 272 og aðkomuveg að fristundasvæðinu.

Skipulagsnefnd samþykkir deiliskipulagstillöguna og mælist til að hún verði auglýst lögum samkvæmt. Nefndin bendir þó landeigendum á, að æskilegt væri að aðilar samnýttu betur vegtengingar, og að gerð verði ný vegtenging inn á svæðið norðan við núverandi aðkomuveg.

Farið yfir athugasemdir sem bárust vegna auglýsingar á eftirtöldu:

Aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022 og neðangreindum deiliskipulagstillögum og deiliskipulagsbreytingum:

Aðal- og deiliskipulagstillögunar voru auglýstar í Morgunblaðinu, Bókollu (auglýsingablað borið út á öll heimili í Rangárvallasýslu) og Lögbirtingarblaðinu (á netinu). Uppdrættir og önnur meðfylgjandi gögn lágu frammi á skrifstofu byggingar- og skipulagsfulltrúa Ormsvelli 1, Hvolsvelli, og einnig á heimasíðum sveitarfélaganna, frá 17. mars til og með 27. apríl s.l. og var athugasemdafrestur til kl 16.00 þriðjudaginn 27. apríl 2010. Samkvæmt 1. mgr. 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73 1997 var auglýst eftir athugasemdum við eftirfarandi aðalskipulagstillögu. Sveitarstjórn Rangárþings ytra auglýsir tillögu að aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022 samkvæmt 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73-1997 með síðari breytingum. Aðalskipulagstillagan tekur til alls lands innan sveitarfélagamarka og er birt á uppdráttum og í greinargerð. Skipulagstillagan ásamt umhverfisskýrslu og öðrum gögnum voru til sýnis frá 17. mars til og með 27. apríl s.l. á eftirfarandi stöðum: Skrifstofu Rangárþings ytra, Suðurlandsvegi 1, Hellu, Skipulagsfulltrúaembætti Rangárþings bs. Ormsvelli 1, Hvolsvelli og Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, Reykjavík. Öll ofangreind gögn mátti nálgast á heimasíðu sveitarfélagsins: <http://www.rangarthingytra.is>. Þeim sem töldu sig eiga hagsmuna að gæta var gefinn kostur á að gera skriflegar athugasemdir við skipulagstillöguna. Athugasemdafrestur var til kl 16:00, þriðjudaginn 27. apríl 2010. Athugasemdum ef einhverjar voru, var skilað á skrifstofu byggingar- og skipulagsfulltrúa að Ormsvelli 1, Hvolsvelli. Komið hafa fram nokkrar athugasemdir við aðalskipulagstillöguna.

Skipulagsnefnd samþykkir fyrir sitt leyti tillöguna og svör við athugasemdum, sem má sjá í viðauka 2. með fundargerð skipulagsnefndar og mælir með því að hreppsnefnd Rangárþing ytra staðfesti aðalskipulagstillöguna.

Samkvæmt 1. mgr. 25.gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73 1997 var auglýst eftir athugasemdum við eftirfarandi deiliskipulagstillögur. Suðurlandsvegur 2-8, Rangárþingi 1-9, á Hellu, deiliskipulag iðnaðar-, athafna- og þjónustusvæðis.

Um er að ræða deiliskipulag iðnaðar-, athafna-, og þjónustulóða við Suðurlandsveg og við Rangárþingi 7 og 9 á Hellu. Svæðið er auðkennt sem 15, þ3 og þ4 í aðalskipulagi Rangárþings ytra á Hellu 2010-2022. Stærð skipulagssvæðisins er um 5 ha. Aðkoma að svæðinu er af hringtorgi á Suðurlandsvegi og um Rangárþingi.

Engar athugasemdir hafa borist og telst því deiliskipulagstillagan samþykkt.

Dynskálar á Hellu, deiliskipulag verslunar- og þjónustulóða auk iðnaðarlóða á lóðum 18-36. Einnig breyting á vegstæði Suðurlandsvegur.

Deiliskipulagið tekur til breytinga á vegstæði í gegnum Hellu, auk verslunar- og þjónustulóða við Dynskála 18 og 20. Vegurinn í gegnum Hellu verður færður sunnar á um 350 metra kafla. Þá er um að ræða 8 iðnaðarlóðir frá Dynskálu 22-36. Á lóðum 28-36 er gert ráð fyrir stækkun byggingarreits á hverri lóð til suðurs.

Engar athugasemdir hafa borist og telst því deiliskipulagstillagan samþykkt.

Dynskálar á Hellu, iðnaðarlóðir, austursvæði, lóðir 40-53.

Iðnaðarsvæðið afmarkast af Suðurlandsvegi að sunnan, fyrirhuguðu íbúðarsvæði á Öldum norðanverðu, og að núverandi iðnaðarlóð nr. 36 við Dynskála. Gert er ráð fyrir 11 lóðum, þar af eru tvær þegar byggðar. Aðkoma að svæðinu verður um nýja vegtengingu af Suðurlandsvegi.

Engar athugasemdir hafa borist og telst því deiliskipulagstillagan samþykkt.

Bakkasel, Rangárþingi ytra, deiliskipulag frístundalóða á spildu úr landi Efra-Sels.

Deiliskipulagið tekur til um 10 ha. spildu í Bakkaseli í Rangárþingi ytra. Deiliskipulagið felur í sér, byggingu tveggja frístundahúsa, tveggja gestahúsa og skemmu. Aðkoma að Bakkaseli er um Bjallaveg (nr. 272) og aðkomuveg að frístundasvæðinu.

Engar athugasemdir hafa borist og telst því deiliskipulagstillagan samþykkt.

Efra-Sel, deiliskipulag 4 frístundahúsalóða, Rangárþingi ytra.

Deiliskipulagið nær yfir ríflega 10 ha. svæði úr 40 ha. landsspildu Efra-Sels (landnr.199261). Deiliskipulagið tekur til 4 frístundahúsalóða, Sel 1 til 4. Lóðirnar eru 2,3 til 2,6 ha. að stærð. Áætlað er að hægt verði að byggja frístundahús og gestahús á hverri lóð. Unnið er að breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2008-2020, og verður svæðið skilgreint sem frístundasvæði. Aðkoma að svæðinu er um Suðurlandsveg vestan Hellu og um Bjallaveg (nr. 272).

Engar athugasemdir hafa borist og telst því deiliskipulagstillagan samþykkt.

Deiliskipulag Hótel Rangár í Rangárþingi ytra.

Deiliskipulagið nær til um 20 ha. spildu úr landi Hótel Rangár, en land hótelsins (landnr. 187218) er í heild um 35 ha. Aðkoma að svæðinu er af Suðurlandsvegi austan Hellu og um aðkomuveg að Hótel Rangá. Deiliskipulagið tekur til byggingarreits fyrir stækkun hótelsins og byggingarreits fyrir starfsmannahús á austurhluta landsins.

Engar athugasemdir hafa borist og telst því deiliskipulagstillagan samþykkt.

Deiliskipulag verslunar- og þjónustulóðar Árhús á Hellu, Rangárþingi ytra

Deiliskipulagið nær til verslunar- og þjónustulóðar Árhúss á Hellu. Deiliskipulagsvæðið er tæplega 4 ha. og tekur til byggingar á smáhýsum og snyrtihúsi.

Engar athugasemdir hafa borist og telst því deiliskipulagstillagan samþykkt.

Fundargerð skipulagsnefndar hvað varðar liði er snúa að Rangárþingi ytra er samþykkt með sex atkvæðum. Einn situr hjá (ÓEJ). Liðir er snúa að aðalskipulagi er teknir fyrir sérstaklega í liðum 2.2.

2.2. Athugasemdir við auglýsta tillögu að aðalskipulagi, svör sveitarstjórnar.

Lagt fram svarbréf vegna athugasemda við auglýsta tillögu að aðalskipulagi. Svör við athugasemdum má einnig sjá í viðaukaskjali 2, sem fylgir fundargerð 28. fundar skipulagsnefndar. Listi yfir þá sem gerðu athugasemdir er að finna í viðaukaskjali 1, með sömu fundargerð.

Tillaga að Aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022 var auglýst á tímabilinu 17. mars til 27. apríl 2010 með athugasemdafresti til 27. apríl. Alls bárust um 9 efnislegar athugasemdir við auglýsta skipulagstillögu frá einstaklingum og félagasamtökum en margir aðilar skrifuðu undir sömu eða sambærilegar athugasemdir.

Fjallað var um athugasemdir á fundum stýrihóps aðalskipulags dags. 4. maí 2010, skipulagsnefndar Rangárþings bs. dags. 19. maí 2010, og í sveitarstjórn dags. 20. maí 2010. Athugasemdir voru flokkaðar efnislega, í sviga eru hve margir aðilar gera athugasemdir:

- Landnotkun við Ægissíðu (1)
- Þéttbýli í Þykkvabæ (17)
- Akstursípróttasvæði í Þykkvabæ (15)
- Færsla Suðurlandsvegur frá Brekkum að Ægissíðu (30)
- Brú yfir Hólsá við Djúpós (6)
- Varnargarðar við Djúpós (1)
- Þjónustusvæði á hálendinu (1)
- Vatnsverndarsvæði í Keldnahrauni (1)
- Athugasemdir við umhverfisskýrslu (1)

Margar athugasemdana eru samhljóða og fjalla um sömu efnisatriði, einkum þær sem snúa að þéttbýli í Þykkvabæ, akstursípróttasvæði í Þykkvabæjarfjöru og færslu Suðurlandsvegur. Í meðfylgjandi svörum er leitast við að svara öllum efnisatriðum, sem hafa verið dregin saman í stuttu mál. Í sumum athugasemdabréfum komu fram hugleiðingar og/eða ábendingar sem ekki er litið á sem athugasemdir. Þá eru einnig athugasemdir um útfærsluatriði sem ekki verður gerð nákvæm grein fyrir á aðalskipulagsstigi.

Landnotkun við Ægissíðu.

Gerð er athugasemd við breytta landnotkun í landi Ægissíðu. Skv. gildandi aðalskipulagi sé gert ráð fyrir frístundabyggð og blandaðri landnotkun stofnana- og þjónustusvæðis. Skv. deiliskipulagi frá 2002 eru áætlaðar 10 frístundalóðir og íbúðarhús á jörðinni.

Svar: Í fyrirbyggjandi aðalskipulagstillögu er gert ráð fyrir verslunar- og þjónustusvæði sem m.a. felur í sér heimildir fyrir frístundahúsum til útleigu, eins og nú eru á jörðinni. Skv. aðalskipulagi er heimilt að byggja á hverri jörð allt að þrjú íbúðarhús sem ekki tengjast búrekstri. Eftir sameiningu Djúparhrepps og Rangárvallahrepps eru ekki lengur forsendur fyrir skilgreiningu stofnanasvæða á jörðinni.

Þéttbýli í Þykkvabæ.

Gerð er athugasemd við að skilgreining á þéttbýli í Þykkvabæ sé felld út. Óskað er eftir að Þykkvabær verði áfram þéttbýli í ljósi sögunnar þar sem Þykkvabær hefur verið nefndur elsta sveitahöpp landsins og að þróunarmöguleikar staðarins séu betri sem þéttbýli. Ennfremur er bent á að raforkutaxtar séu lægri í þéttbýli en dreifbýli.

Svar: Þykkvabær uppfyllir ekki þau skilyrði sem sett eru varðandi þéttbýli skv. skipulagsreglugerð varðandi íbúafjöldu og þéttleika byggðar. Sama gildir um byggðakjarna við Laugaland, Gunnarsholt og Rauðalæk. Í þéttbýli eru jafnan takmarkanir á húsdýrahaldi sem getur verið annmarkar á að uppfylla. Því telur sveitarstjórn ekki ástæðu til að halda byggðakjarnanum í Þykkvabæ inni sem þéttbýli, enda getur staðurinn haldið áfram sérkennnum sínum sem „sveitahöpp“. Hella er því eini þéttbýlisstaðurinn í Rangárþingi ytra í skilningi aðalskipulags.

Raforkutaxtar taka ekki mið af stöðu byggðar í aðalskipulagi heldur er það ákvarðað út frá skilgreiningu Hagstofu Íslands, þar sem miðað er við minnst 200 íbúa byggð.

Akstursípróttasvæði í Þykkvabæ.

Athugasemdir eru gerðar við áform um akstursípróttasvæði í Þykkvabæjarfjöru, án samráðs við landeigendur.

Svar: Aðalskipulag sveitarfélaga er unnið í samráði við landeigendur með því að gefa aðilum kost á að koma sínum sjónarmiðum að á kynningarfundum. Sveitarstjórn mun ekki ganga gegn óskum landeigenda nema brýnir

almannahagsmunir krefjist þess. Því mun akstursíþróttasvæði í Þykkvabæjarfjöru verða fellt úr skipulagstillögu, en áfram verður unnið að því að finna svæði þar sem hægt er byggja upp aðstöðu fyrir þessa ört vaxandi starfsemi.

Færsla Suðurlandsvegjar frá Brekkum að Rangá við Helli.

Athugasemd er gerð við að felld hafi verið úr aðalskipulagstillögu færsla Suðurlandsvegjar, sem í vinnsluferli var áætluð frá Brekkum austur að Rangá. Tillaga um þessa færslu Suðurlandsvegjar var kynnt á kynningafundum við gerð aðalskipulags.

Svar: Á kynningarfundum kom fram mikil andstaða gegn umræddri færslu Suðurlandsvegjar hjá nokkrum hlutaðeigandi landeigendum. Lítil undirtektir voru við færslu vegarins hjá íbúum og umsagnaraðilum og því telur sveitarstjórn rétt að skoða betur mögulegar veglausnir til að tryggja sem best öryggi íbúa og umferðar, áður en endanleg útfærsla verður valin.

Brú yfir Hólsá við Djúpós.

Bent er á að út frá öryggissjónarmiðum sé mjög æskilegt að hafa greiðfæra leið vestur yfir Hólsá.

Svar: Sveitarstjórn tekur undir athugasemdir um að huga þurfi vel að öryggismálum. Því verður skoðað vel með viðkomandi aðilum möguleiki á brú frá Ártúnum yfir á Þykkvabæjarveg enda styrkir sú vegtenging einnig möguleika á sviði ferðaþjónustu og atvinnusóknar. Að fengnu áliti Skipulagsstofnunar er ekki unnt að setja þessi breytingu inn að lokinni auglýsingu aðalskipulags en í greinargerð aðalskipulags er kveðið á um að unnið verði að þessari tillögu.

Varnargarðar við Djúpós.

Bent er á að styrkja þurfi Djúpósstíflu til að standast stór flóð sem m.a. geta fylgt skyndilegri bráðnun jökulís.

Svar: Sveitarstjórn tekur undir að huga þurfi vel að öllum öryggisþáttum, þ.á.m. stíflumannvirkjum með tilliti til öryggis íbúa. Ef nauðsyn er á að styrkja stífluna er æskilegt að fara í þá framkvæmd í samstarfi við hlutaðeigandi stofnanir, en styrking varnarmannvirkja snertir hins vegar ekki aðalskipulag sveitarfélagsins.

Þjónustusvæði á hálendinu.

Ferðafélag Íslands (FÍ) gerir athugasemdir vegna þjónustusvæða ferðamanna á afréttum:

i) Athugasemd er gerð við þá fullyrðingu að komið sé að þölmörkum í Landmannalaugum, þar sem engar rannsóknir styðji þá fullyrðingu. Haldið er fram að hægt sé að þjónusta mun fleiri ferðamenn en nú er, ef svæðið sé skipulagt í heild. Óskað er eftir því að Ferðafélaginu verði gert kleyft að bæta starfsemi sína í Landmannalaugum, með fjölgun skála og stækun tjaldsvæða.

Ennfremur er gerð athugasemd við að ekki sé bent á nýjan stað fyrir hálendismiðstöð og að ekki hafi verið haft samráð við FÍ við gerð aðalskipulagsins:

Svar: Viðhorfskannanir, sem m.a. eru unnar af Háskóla Íslands, benda til þess að gera þurfi breytingar í Landmannalaugum. M.a. kemur fram í könnun 2009 að um 30% ferðamanna telja of marga ferðamenn í Laugunum og í könnun 2006 kemur fram að svonefndir náttúrusinnar séu hættir að koma inn í Laugar, en einungis um 3% þeirra komi þangað. Þá segir það sína sögu að íslenskum ferðamönnum hefur fækkað í Landmannalaugum á síðari árum, en á sama tíma hefur orðið mikil aukning á ferðamannaþjölda almennt. Því telur sveitarstjórn rök hniga að því að taka þurfi á skipulagsmálum svæðisins og horfa til framtíðar fyrir Fjallabakssvæðið í heild.

Sveitarfélagið hefur unnið undirbúningsvinnu vegna deiliskipulags í Landmannalaugum. Skipulagsvinna í Landmannalaugum og möguleg færsla þjónustubátta kallar á viðtækt samráð fjölmargra aðila. Sveitarfélagið mun ekki mismuna hagsmunaaðilum varðandi aðkomu að skipulagsmálum, öllum er frjálst að koma og tillöguréttur, en sveitarfélagið mun hafa almannahagsmuni í fyrirrúmi.

ii) FÍ vekur athygli á að deiliskipulagi fyrir Álfvatn sé lokið og deiliskipulag fyrir Hrafninnusker og Hvangil sé í vinnslu.

Svar: Gerð verður betri grein fyrir stöðu deiliskipulagsvinnu í greinargerð aðalskipulags en deiliskipulagi er ekki lokið.

iii) FÍ telur að gera þurfi nánari grein fyrir hvernig staðið verði að gerð rammaskipulags fyrir Fjallabakssvæðið, sem greint er frá í aðalskipulagstillögu. Þá sé ekki gerð fullnægjandi grein fyrir viðkvæmum svæðum á hálendinu og ekki sé tekið á vaxandi umferð vélknúinna ökutækja um hálendið. Þá sé ekki hugað að öryggisþáttum, s.s. hálendisgæslu og vöktun gönguþólks.

Svar: Aðalskipulagi sveitarfélaga er ætlað að leggja meginlinur í landnotkun. Sveitarstjórn stefnir að því að vinna rammaskipulag af Fjallabakssvæðinu, sem taki einkum til ferðaþjónustu og samgangna, þar sem verður m.a. tekið á umferð um hálendið. Sveitarfélagið fer með skipulagsmál og mun því bera ábyrgð á rammaskipulagi sem verður unnið í samstarfi við hina fjölmörgu umsýjara- og hagsmunaaðila með hagsmuni almennings að leiðarljósi.

Vatnsverndarsvæði í Keldnahrauni.

Landeigandi gerir athugasemdir við afmörkun vatnsverndarsvæðis í Keldnahrauni og telur að ekki hafi verið staðið nægilega faglega að afmörkun vatnsverndarsvæðis. Þá sé sumar lindir sem ætlaðar séu til virkunar ekki með stöðugu rennslis og efnainnihald vatns sé ekki ásættanlegt til neyslu. Landeigandi dregur í efa að haft hafi verið samráð við sérfræðinga Orkustofnunar um skilgreiningu vatnsverndarsvæða í sveitarfélaginu.

Svar: Afmörkun vatnsverndarsvæða á Rangárvöllum var ákvörðuð við gerð gildandi Aðalskipulags fyrrum Rangárvallahrepps 2002-2014. Þá var afmörkun verndarsvæða kortlögð í samráði við Orkustofnun, eins og fram kemur í skýrslu Orkustofnunar um „Lindir og lindasvæði í Holta- og Landsveit og í Rangárvallahreppi“ nr. 054/2000. Þessi skýrsla var lögð til grundvallar stefnumörkun um vatnsverndarsvæði í aðalskipulagi Rangárþings ytra. Vitnað er til skýrslu Orkustofnunar og ISOR frá 2008 í heimildaskrá. Tekið er undir að svæðið í Hekluhraunum hefur ekki verið rannsakað jafn ítarlega og nauðsynlegt er með tilliti til stöðugleika lunda, vatnsgæða eða grunnvatnsrennslis. Sveitarstjórn mun því áréttá í greinargerð aðalskipulags að unnið verði að ítarlegri rannsókn á vatnsgæðum og grunnvatni á svæðinu og að afmörkun vatnsverndarsvæða verði endurskoðuð að því loknu.

Umhverfisskýrsla.

Athugasemd er gerð við að verslunar- og þjónustusvæði á hálendinu séu ekki tekin fyrir í umhverfisskýrslu. Ekki sé tekið til umhverfismats álag af völdum ferðamanna í Landmannalaugum og að ekki séu metin áhrif þess að færa þjónustu úr Landmannalaugum.

Svar: Umhverfisskýrslu er ætlað að meta þau áhrif sem verða af þeim breytingum sem nýja skipulagsáætlunin felur í sér. Ekki eru lagðar til breytingar á verslunar- og þjónustusvæðum á afréttum í aðalskipulaginu og því er ekki grundvöllur til að meta breytingar á þeirri landnotkun. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um breytta landnotkun í Landmannalaugum.

Tillaga um að staðfesta framlögð svör við athugasemdum við auglýst aðalskipulag 2010 – 2022.

Samþykkt samhljóða.

Aðalskipulag Rangárþings ytra 2010 – 2022, er samþykkt af sveitarstjórn og sendist til afgreiðslu Skipulagsstofnunar og staðfestingar umhverfisráðherra.

Samþykkt samhljóða.

2.3. Holtamannaafreittur, útivist og afþreying.

Til kynningar.

- 2.4. Umsókn um einbýlishúsalóð, Öldur III.
Með hliðsjón af því að umrædd einbýlishúsalóð hefur ekki verið auglýst í samræmi við samþykktir um lóðaúthlutun er afgreiðslu frestað. Sveitarstjóra falið að auglýsa umrædda lóð og aðrar nálægar einbýlishúsalóðir lausar til umsóknar og leggja umsóknina fyrir að nýja að umsóknarfresti loknum.
Samþykkt samhljóða.
3. Landskipti, stofnun lögbýla og tengd erindi:
- 3.1. Engin erindi bárust.
4. Hlutfjárframlag vegna Suðurlandsvegur 1-3 ehf.
Tillaga um að auka hlutfé sveitarfélagsins í hlutfélaginu Suðurlandsvegi 1-3 ehf. í 120 milljónir króna.
Samþykkt með þremur atkvæðum, einn greiðir atkvæði á móti (MJ) og þrír sitja hjá (ÓEJ, ÞS, LB).
5. Suðurlandsvegur 1-3 ehf., með vísan í 6. lið 56. fundar hreppsnefndar.
Lögð fram svör frá framkvæmdastjóra Suðurlandsvegur 1-3 ehf.
Til kynningar.
6. Ársreikningar 2009, fyrri umræða.
Lagðir fram til fyrri umræðu ársreikningar 2009 fyrir Rangárþing ytra og samstarfsverkefni á Laugalandi.
Auðunn Guðjónsson endurskoðandi og Indriði Indriðason fjármálastjóri gerðu grein fyrir helstu stærðum.
Tillaga um að vísa afgreiðslu til síðari umræðu á hreppsnefndarfundum 10. júní 2010.
Samþykkt samhljóða.
7. Fjallarall, umsókn um keppnisleyfi.
Hreppsnefnd gerir ekki athugasemd við útgáfa keppnisleyfis fyrir Fjallarall.
Samþykkt samhljóða.
8. Fjallskil Holtamannaafreйти 2008.
Með hliðsjón af því að niðurstaða hefur fengist í ágreining um niðurlýsningu fjallskila á Holtamannaafreйти er sveitarstjóra falið að jafna niður fjallskilakostnaði 2008 á upprekstrarréttarhafa, þannig að þriðjungur jafnist á réttarhafa, þriðjungur á ásett fé og á rekið fé verði lagt álag sem jafngildi gjaldi á ásett fé fyrir hverja kind.
Eftirstöðvar falli á sveitarsjóð.
Samþykkt samhljóða.
9. Sameiginlegt þjónustuvæði um málefni fatlaðra á Suðurlandi.
Sveitarstjórn frestar afgreiðslu erindisins uns kynning á tillögu um skipulag málefna fatlaðra á starfssvæði SASS hefur farið fram.
Samþykkt samhljóða.
10. Vatnajökulspjódgarður, stjórnunar- og verndaráætlun.
Til kynningar.
11. Kjörskrá vegna sveitarstjórnarkosninga 29. maí 2010.
Heimild til sveitarstjóra um að staðfesta með undirritun kjörskrá vegna sveitarstjórnarkosninga 29. maí nk. og leggja fram til kynningar á skrifstofu sveitarfélagsins, frá 19. maí sl. er staðfest.
Samþykkt samhljóða.
12. Mýrarkot Laugalandi, ósk um leigu á þjónustuhúsi.
Lagt fram erindi frá leigjendum tjaldsvæðis á Laugalandi um leigu á Mýrarkoti til nota sem þjónustuhús við tjaldsvæði. Sveitarstjórn samþykkir fyrir sitt leyti að fela sveitarstjóra, í samráði við oddvita Ásahrepps, að gera skammtímaleigusamning á umræddu húsi til þriggja mánaða á meðan ekki liggur fyrir ákvörðun um framtíðarnotkun á húsinu.
Samþykkt samhljóða.
13. Suðurlandsvegur 1, ósk um leigu á atvinnuhúsnæði.
Lagt fram erindi frá Hallgerði ehf. vegna leigu á skrifstofuaðstöðu á Suðurlandsvegi 1. Sveitarstjóra falið að gera leigusamning í samræmi við fyrirbyggjandi drög
Samþykkt samhljóða.
14. Sautjándi júní hátíðarhöld, samstarfssamningur.
Lögð fram drög að samstarfssamningi vegna 17. júní hátíðarhalda á Hellu. Tillaga um að staðfesta samninginn.
Samþykkt samhljóða.
15. Kæra til úrskurðarnefndar fristundahúsamála.
Lagt fram bréf vegna kæru til úrskurðarnefndar fristundahúsamála vegna leigu á lóð í landi Gaddstaða .
Til kynningar.
16. Orkufrekur iðnaðar í héraði, samskipti við Greenstone.
Til kynningar.
17. Staðgreiðsluáætlun og launagreiðsluáætlun.
Frestað til næsta fundar.

18. Sundlaugayfirbreiðsla Hellu.

Lagt fram tilboð vegna sundlaugayfirbreiðslu á sundlaugina Hellu. Samþykkt að ganga að tilboðinu.
Samþykkt samhljóða.

F. Fundarboð, ráðstefnur, námskeið, þjónusta og umsóknir um styrki:

F.1. Veidifélag Ytri Rangár og vesturbakka Hólsár.

Ákvörðun um að fela Þorgils Torfa Jónssyni um að fara með atkvæði sveitarfélagsins á aðalfundi veidifélagsins er staðfest.

Samþykkt samhljóða.

F.2. Stofnun Árna Magnússonar, styrkumsókn.

Sveitarstjórn sér sér ekki fært að verða við erindinu.

Samþykkt samhljóða.

F.3. Háskólafélag Suðurlands, aðalfundarboð.

Til kynningar.

F.4. Landskerfi bókasafna, aðalfundarboð.

Til kynningar.

G. Annað efni til kynningar:

G.1. Orlof húsnæðra í Árnes- og Rangárvallasýslu.

G.2. Fornleifavernd, Hótel Rangá.

G.3. Markaðsstofa Suðurlands, verkefni janúar – apríl 2010.

G.4. Samband íslenskra sveitarfélaga, kostnaðaráhrif laga um leikskóla og grunnskóla.

G.5. Samband íslenskra sveitarfélaga, umbætur á vsk-umhverfi sveitarfélaga.

G.6. Sjúkratryggingar Íslands, fyrirspurn um íbúðir aldraðra.

G.7. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, framlag til sérþarfa fatlaðra barna.

G.8. SASS, vegna ársþings 2010 og vegna eldgoss í Eyjafjallajökli.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:15.

Þorgils Torfason
Lútvikur Bergmann
Innviður P. Kristjánsson
Sigrúnjardur Tólfur
Þórhildur Gunnarsdóttir
Magnús Einarsson
Sveinur
A.H.

Hreppsnefnd Rangárþings ytra

Fundargerð

59. fundur hreppsnefndar Rangárþings ytra, haldinn að Suðurlandsvegi 1, Hellu, fimmtudaginn 10. júní 2010, kl. 13:00.

Mætt voru: Þorgils Torfi Jónsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Sigurbjartur Pálsson, Helga Fjöla Guðnadóttir, Ólafur Elvar Júlíusson, Guðfinna Þorvaldsdóttir og Margrét Sigurgeirsdóttir. Að auki Indriði Indriðason fjármálastjóri og Örn Þórðarson sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Um er að ræða síðasta fund hreppsnefndar kjörtímabilið 2006 – 2010.

1. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til staðfestingar eða kynningar:

1.1. Byggingarnefnd, 35. fundur, 2. júní.

Sveitarstjórn staðfestir þá liði er varða Rangárþing ytra og eru:

430-2010 Minnivellir, lóð 9, Rangárþingi ytra – byggingarleyfi fyrir sumarhúsi.

Guðmundur Þór Ágústsson sækir um leyfi til að flytja 40 fm. sumarhús frá Laugarvatni á lóð sína nr. 9 í landi Minni-Valla. Samþykkt.

431-2010 Freyvangur 16, Hellu – leyfi til breytinga á gluggum og palli.

Ingólfur Rögnvaldsson sækir um leyfi til að breyta gluggum á húsi sínu að Freyvangi 16. Einnig óskar hann eftir leyfi til að setja báruplast sem þak á sólpalli við Freyvang 16, Hellu. Samþykkt.

432-2010 Nestún 3, Hellu – leyfi til að endurnýja glugga.

Karl Sigurðsson sækir um leyfi til að endurnýja glugga í húsi sínu að Nestúni 3 á Hellu. Samþykkt.

433-2010 Árbæjarhellir, Rangárþingi ytra – stöðuleyfi fyrir húsi.

Guðrún Guðbjartsdóttir sækir um stöðuleyfi fyrir húsi til eins árs á landi sínu í Árbæjarhelli, Rangárþingi ytra, með samþykki systkina sinna og meðeigenda. Samþykkt.

434-2010 Lækur, lóð 13, Rangárþingi ytra – byggingarleyfi fyrir gestahúsi.

Bjarni V. Ástþórsson sækir um byggingarleyfi fyrir gestahúsi á lóð sinni að Læk, lóð 13 í Rangárþingi ytra. Samþykkt.

435-2010 Arnkötlustaðir, Rangárþingi ytra – leyfi til að byggja við íbúðarhús.

Hannes Birgir Hannesson sækir um leyfi til að byggja við íbúðarhús sitt að Arnkötlustöðum. Samþykkt.

436-2010 Hallstún, Rangárþingi ytra – byggingarleyfi fyrir sumarhúsi/gestahúsi.

Margrét Lilja Valdimarsdóttir sækir um byggingarleyfi fyrir sumarhúsi/gestahúsi á landi sínu að Hallstúni í Holta- og Landsveit, landnr. 165230. Samþykkt.

Fundargerð byggingarnefndar hvað varðar liði er snúa að Rangárþingi ytra er samþykkt samhljóða.

1.2. Suðurlandsvegur 1-3, II áfangi, 24. verkfundur, 1. júní 2010.

Til kynningar.

1.3. Heilbrigðisnefnd Suðurlands 127. fundur, 2. júní 2010.

Til kynningar.

1.4. Sorpstöð Suðurlands, 190. fundur, 20. maí 2010.

Til kynningar.

1.5. Aðgerðir í ferða- og upplýsingamálum, minnisblað, 26. maí 2010.

Til kynningar.

2. Umsagnir um veitingaleyfi og tengd erindi:

2.1. Kaldakinn, gististaður í flokki I.

Hreppsnefnd gerir fyrir sitt leyti ekki athugasemd við veitingu leyfis fyrir gististað í flokki I (heimagisting) að Köldukinn.

Samþykkt samhljóða.

2.2. Kanslarinn, veitingastaður í flokki III.

Hreppsnefnd gerir fyrir sitt leyti ekki athugasemd við veitingu leyfis fyrir veitingastað í flokki III (veitingahús) í Kanslaranum, Dynskálum 10C á Hellu.

Samþykkt samhljóða.

3. Ársreikningar 2009, seinni umræða.

Tillaga um að staðfesta ársreikninga sveitarfélagsins og samstarfsverkefna á Laugalandi.

Samþykkt með fjórum atkvæðum. Þrír sitja hjá (OEJ, GP, MYS).

Bókun B-lista vegna ársreikninga 2009

B-listinn harnar að ekki hafi verið staðið betur að rekstri sveitarfélagsins á þessu kjörtímabili, þar sem ljóst er að mikill fjárhagsvandi hefur hláðist upp í tíð núverandi sveitarstjórnar undir forystu D-lista. Það er búið að ráðstafa skatttekjum sveitarfélagsins næstu ára og ný sveitarstjórn fær gríðarlega erfið verkefni til úrlausnar á næsta kjörtímabili. Eins og fram kemur í ársreikningi 2009 koma fram alvarlegar ábendingar frá endurskoðendum KPMG hvað fjármálin varðar.

Meiri hluti Rangárþings ytra hefur sett fê langt umfram fjárhagsáætlun í tengibyggingu við Suðurlandsvegs 1-3 á sama tíma og óvissa ríkir um fjármögnun sveitarfélagsins árið 2010.

Guðfinna Þorvaldsdóttir, Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir og Ólafur Júlíusson

Bókun fulltrúa D-listans vegna bókunar fulltrúa B-listans við afgreiðslu á ársreikningi Rangárbings ytra fyrir árið 2009, á 59. fundi hreppsnefndar Rangárbings ytra 10. júní 2010.

D-listinn harmar að í bókun fulltrúa B-listans skuli koma fram ávirðingar um að fulltrúar D-listans skuli hafa misfarið með fé sveitarfélagsins. Ævinlega voru veittar heimildir til útláta á því fjármagni sem fór í Suðurlandsveg 1-3 ehf. Á yfirstandandi kjörtímabili hefur sveitarstjórnin þurft að takast á við ýmis vandamál, en líklega verður fjármálahrunið og afleiðingar þess að teljast með því stærsta. Á kjörtímabilinu hefur sveitarfélagið framkvæmt fyrir um 750 milljónir króna, á sama tíma hafa skuldir aukist um 650 milljónir og eignir sveitarfélagsins eru um 2 milljarðar. Það verður að teljast nokkuð gott að þrátt fyrir efnahagshrun og þrátt fyrir erfiðleika því tengdu skuli staðan ekki vera verri en raun ber vitni. Þá verður einnig að segjast að lítið hefur farið fyrir uppbyggilegum tillögum B-listans við fjármálastjórn sveitarfélagsins á kjörtímabilinu. Nú þegar B-listinn hefur skipt um ham undir merkjum A-listans og mun eftir helgi taka við forystu í sveitarstjórn vill D-listinn lýsa því yfir að á komandi kjörtímabili mun D-listinn ekki koma að fjármálastjórn sveitarfélagsins með sama sofandahætti og skilningsleysi og fráfarandi minnihluti.

D-listinn óskar fulltrúum B-listans velfarnaðar í störfum sínum í næstu sveitarstjórn.

Þorgils Torfi Jónsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Sigurbjartur Pálsson og Helga Fjóla Guðnadóttir

Ársreikningarnir áritaðir af sveitarstjórn.

4. Tillaga um stækkun friðlands í Þjórsárverum.

Sveitarstjórn áréttar fyrri bókanir varðandi tillögu um stækkun friðlands í Þjórsárverum og hafnar þessari tillögu um stækkun friðlands í Þjórsárverum á Holtamannaafreitti. Sveitarstjóra falið að upplýsa Umhverfisstofnun um afstöðu sveitarfélagsins.

Samþykkt samhljóða.

5. Lóð 5 í landi Gaddstaða.

Til kynningar.

6. Upplýsingagjöf vegna birtingar ársreikninga.

Til kynningar.

7. Launatölur og áætlanir á deildir.

Lagt fram yfirlit yfir greidd laun og áætlanir á rekstrardeildir sveitarfélagsins. Fram kemur að yfirlit eru í samræmi við áætlanir. Sveitarstjóra falið að láta vinna 6 mánaða uppgjör og leggja fyrir nýja hreppsnefd.

Samþykkt með sex atkvæðum, Einn situr hjá (ÓEJ).

F. Fundarboð, ráðstefnur, námskeið, þjónusta og umsóknir um styrki:

F.1. Landeyjahöfn, kynningar- og umræðufundur.

Til kynningar.

G. Annað efni til kynningar:

G.1. Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs.

G.2. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, heildaryfirlit yfir framlög, framlag fyrir nýbúafræðslu.

G.3. Vinnuefirlitið, eftirlit í byggingar- og mannvirkjagerð.

G.4. Fornleifavernd, Árhús, Leirubakki, Hrauneyjar, Lyngás.

G.5. Samband íslenskra sveitarfélaga, könnun á kjörum sveitarstjórnarmanna.

G.6. Þinglýst skjöl frá sýslumanni á Hvolsvelli

Oddviti þakkaði sveitarstjórn og sveitarstjóra samstarfið á kjörtímabilinu sem er að ljúka.

Sveitarstjóri þakkaði sveitarstjórn samstarfið á kjörtímabilinu.

Sveitarstjórn þakkaði oddvita og sveitarstjóra samstarfið á kjörtímabilinu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:00.

Þorgils Torfi Jónsson
Ingvar Pétur Guðbjörnsson
Sigurbjartur Pálsson
Helga Fjóla Guðnadóttir
Margrét Yfir Sigurðardóttir